

allt

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR:

Jeppinn nauðsynlegur í veiðiferðir

• bílar • ferðir

Í MIÐJU BLAÐSINS



ÆSKUDRAUMUR

JÓN JÓSEF SÆBJÖRNSSON:

Stífpresaður einkennisbúningur

FÓLK 48



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. júní 2005 - 156. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Eggert hleypti Liverpool inn í meistaradeildina

Eggert Magnússon og félagar í framkvæmdarstjórn UEFA gáfu í gær grænt ljós á þátttöku Liverpool í Meistaradeild Evrópu í haust.

ÍPRÓTTIR 40



FRÉTTABLAÐIÐ/PALL BERGMANN

Huldukona á hlaupum

Steinunn Jónsdóttir innanhússarkitekt vakti athygli í vikunni þegar hún seldi hlut sinn í Íslandsbanka og er talið að hreinn hagnaður hennar sé á annan milljarð króna. Steinunn er maður vikunnar.



MAÐUR VIKUNNAR 16


Krúttlegar rassamerkingar eða subbuskapur

Adolf Ingi Erlingsson, Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir og Arnar Gauti lögðu mat sitt á handboltabúninga frá ýmsum áratugum.

HELGA REFNI 50



VEÐRIÐ Í DAG



SAMA VEÐRIÐ ÁFRAM! Hægur vindur og bjart norðan- og austanlands en annars skýjað. Milt í veðri og úrkomultíð.

VEDUR 4

Nýtt viðskiptablað með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkíð



Einbeitt í tískunni Það var fjölmenni á tískusýningu Mosaic Fashion í Skautahöllinni í Reykjavík í gærkveldi. Meðal þess sem sýnt var voru fót í nýjum tískulínum Oasis, Coast, Whistles og Karen Millen. Karen Millen var viðstödd sýninguna, ásamt fylgdarfólki. Einnig mætti Samantha Mumba, söngkona frá Bretlandi. Þrátt fyrir þrálátan orðróm um að knattspyrnukempan David Beckham væri hér á landi til að skoða hvað stæði til boða á tískusýningunni, sást hvorki tangur né tetur af kappanum.

Ríkisendurskoðun metur eigin yfirsjónir

Upplýsingar á minnisblaði Ríkisendurskoðunar urðu henni ekki tilefni rannsóknar á hugsanlegu vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar fyrr en í fyrradag. Stjórnarandstaðan segir Ríkisendurskoðun í vaxandi mæli rannsaka eigin verk.

BANKASALAN Ríkisendurskoðun rannsakar nú upplýsingar sem snerta hugsanlegt vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í sölufæri ríkisbankanna síðla árs 2002. Gögn sem gáfu tilefni til athugasemda lágu þegar fyrir í minnisblaði Ríkisendurskoðunar á fundi hennar með fjárlaganefnd á miðvikudag. Engu að síður segir í annarri samantekt Ríkisendurskoðunar sama dag að engar spurningar hafi vaknað um hæfi Halldórs. „Ég tel eðlilegra að leitað verði út fyrir raðir Ríkisendurskoðunar vegna fyrri niðurstöðu hennar í málinu. Hættan er sú

að hún lendi í þeirri stöðu að þurfa að endurskoða eigið álit,“ segir Lúðvík Bergvinsson alþingismaður. Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna segir málið alvarlegt. „Það eitt að Ríkisendurskoðun sjái allt í einu ástæðu til þess að hefja skoðun á því hvort forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra, hafi verið vanhæfur vegna persónulegra hagsmunatengsla eða venlamanna hans þætti stór atburður í pólitík hvar sem er á byggðu bóli. Frumkvæðiskyldan hvílir vitanlega á þeim sem hefur upplýsingar um að hann

kunni að vera vanhæfur. Halldóri Ásgrímssyni hefði í því tilviki borið að tilkynna opinberlega um hugsanlegt vanhæfi. Forystumenn stjórnarandstöðunnar ræddu bankasölumálið á fundi í gær, en þann fund sóttu meðal annars fulltrúar hennar í fjárlaganefnd. Steingrímur segir að rædd hafi verið sú staða sem Ríkisendurskoðun sé komin í. „Hún er í vaxandi mæli að endurskoða eigin verk, eigin niðurstöður, eigin skýrslur. Hægt er að kjósa sérstakar rannsóknarnefndir á vegum Alþingis ef þurfa þykir,“ segir Steingrímur. Sjá síðu 4/ -jh

Nýir sendiherrar: Guðmundur til Svíþjóðar

SENDIHERRAR Guðmundur Árni Stefánsson, þingmaður Samfylkingarinnar, verður sendiherra Íslands í Svíþjóð í haust samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins. Jafnframt er ákveðið að Svavar Gestsson, núverandi sendiherra í Stokkhólmi, flytjist til Danmerkur og verði sendiherra í Kaupmannahöfn.

Samkvæmt sömu heimildum verður Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðiprófessor við Háskóla Íslands og fyrrverandi þingmaður Kvinnalistsans einnig sendiherra í utanríkisþjónustunni sem og Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri. Ekki hefur verið gengið endanlega frá því hvert þau fara og jafnvel er búist við því að þau taki ekki við embætti fyrr en um áramót. Orðrómur hefur þó verið um að Markús Örn verði sendiherra í Kanada.

Fleiri breytingar eru fyrirhugaðar næsta haust samkvæmt framgangskerfi utanríkisþjónustunnar og verður formlega tilkynnt um þær innan tíðar. -jh

Heimssýning undirbúin:

Opinber klósett hreinsuð

BANGKOK, AP Tælensk stjórnvöld hafa nú hrundið af stað herferð til að bæta hreinlæti á opinberum salernum landsins. Herferðin er til að bæta almennt ástand klósetta til að mæta alþjóðlegum kröfum vegna klósettaheimssýningarinnar sem haldin verður í Bankok á næsta ári.

Alþjóða klósettstofnunin heldur svo aðfund sinn samfara heimssýningunni þar sem tækninýjungar og sérfræðipækking verður rædd. Heilbrigðisráðherra landsins segir að nú verði klósett landsins gerð hrein, skilvirk og örugg. ■

Haförn á Vestfjörðum:

Flaug burt með lambið

LANDBÚNAÐUR Það var ófögur sjón sem blasti við Jóhönnu Kristjánisdóttur sauðfjárbónda við Ísafjarðardjúp á fimmtudag þegar hún varð vitni að því þegar haförn kom aðvífandi, greip með sér um hálfis mánaðar gamalt lamb og flaug burt með það. „Það var ógeðslegt að sjá þetta. Lambið barðist á móti haferninum og blóðið lak yfir veginn. Svo má ekkert gera.“

Lambið var hluti af um 200 ám Jóhönnu og segist hún hrædd um að gripdeild arnanna haldi áfram. „Það eru fjórir eða fimm hafernir á þessu svæði og nú ætla ég að fylgjast vel með.“ Jóhanna saknar ekki fleiri lamba, en segist nú á næstunni munu líta vel í kring um sig til að fylgjast með ferðum arnanna. -ss



SPURNING DAGSINS

Sævar, var þetta þungur skellur?

„Já, mjög svo.“

Sævar Óli Helgason var í fyrradag dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að rasskella konu sem lagði fyrir innkeyrslu hans í fyrrihaust.

Héraðsdómur gagnrýnir dómsmálaráðuneytið:

Ráðuneytið gekk of langt í máli Lilju

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur felldi í gær úr gildi úrskurð dómsmálaráðuneytisins þess efnis að Lilju Sæmundsdóttur væri óheimilt að ættleiða barn frá Kína. Ráðuneytið studdist í úrskurði sínum við að Lilja gæti átt á hættu heilsu- brest vegna offitu. Þá voru henni dæmdar 600.000 krónur í málskostnað.

„Að því marki sem heilsufar hennar hefur verið metið verður að telja að það sé gott, en hvergi kemur fram í gögnum málsins að offita ógni heilsu hennar eða muni gera það næstu 20 árin,“ segir í dómnum

og ráðuneytið er sagt hafa gengið allt of langt í ályktunum um hugsanlegan heilsuþrest Lilju.

„Maður er nú varla búinn að fatta þetta,“ sagði Lilja í gær, en kvaðst „ofboðslega glöð“ yfir að fallist hafi verið á að ráðuneytið hafi ekki farið fram með eðlilegum hætti í máli hennar. Hún sagðist ætla að hugleiða næstu skref í góðu tómi með lögfræðingi sínum.

Dómurinn féllst ekki á þá kröfu Lilju að að viðurkennt væri að hún uppfyllti skilyrði til að ættleiða barn. „Mat á því hvort stefnandi uppfylli þessi

skilyrði, sem hefði þýðingu fyrir hana að lögum, heyrir undir dómsmálaráðuneytið sem tekur afstöðu til þess samkvæmt lögum um ættleiðingar og öðrum reglum,“ segir í dómnum.

-óká

LILJA SÆMUNSDÓTTIR OG RAGNAR AÐALSTEINSSON Lilja sést hér með lögmanni sínum þegar mál hennar var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðasta mánuði. Héraðsdómur ógilti í gær fyrri ákvörðun dómsmálaráðuneytisins þar sem Lilju var meinað að ættleiða barn.



DAVÍÐ ODDSSON Utanríkisráðherra ávarpaði fund utanríkisráðherra aðildarríkja Eystrasaltsríksins í Stettin í Póllandi en Ísland tók við forystu í ráðinu í fyrsta sinn.

Eystarsaltsráðið:

Ísland tekur við forystu

STJÓRNMÁL Davíð Oddsson ávarpaði í gær fund utanríkisráðherra aðildarríkja Eystrasaltsríksins sem stendur yfir í Stettin í Póllandi. Ísland hefur tekið við formennsku í Eystrasaltsráðinu og mun gegna henni í eitt ár.

Ísland mun aðallega leggja áherslu á samvinnu á sviði orku- og umhverfismála og stuðla að samvinnu við önnur svæðisbundin samtök. Einnig mun verða lögð áhersla á að efla starf efnahags- samvinnunefndarinnar.

Ísland gegnir nú formennsku í ráðinu í fyrsta sinn síðan landið gerðist aðili að því árið 1995. -fr

BÓLÍVÍA

KOSNINGUM FLÝTT Eduardo Rodriguez, nýr bráðabirgðaforseti Bólívíu, hét því á fyrsta deginum í embætti í gær að kosningar yrðu haldnar bráðlega. Mest aðkallandi verkefni bráðabirgðaforsetans er annars að koma á ró og spekt í landinu eftir múgæsingum mótmælenda sem með fjöldagöngum, vegartálmum og „hertöku“ olíuvinnslusvæða höfðu fengið því áorkað að hinn óvinsæli forseti Carlos Mesa sagði af sér. Rodriguez er þriðji forseti Bólívíu á innan við þremur árum.



ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON Hreyfing er komin á mál Arons Pálma í Texas en stuðnings-menn hans segja að náðunarnefnd Texas-ríkis hafi nú fengið mál hans til skoðunar.

Náðunarnefnd Texas fjallar um Aron Pálma

Náðunarnefnd Texas-ríkis hefur fengið mál Arons Pálma Ágústssonar til meðferðar. Sendinefnd frá Íslandi mun hugsanlega halda til Texas á næstu dögum. Skrifstofa ríkisstjóra í Texas kannast ekki við málið.

DÓMSMÁL Mál Arons Pálma Ágústssonar hefur verið tekið til meðferðar hjá náðunarnefnd Texas í Bandaríkjunum. Þetta segir Einar S. Einarsson, talsmaður RJF-hópsins, en hópurinn hefur barist fyrir frelsi Arons Pálma úr stofufangelsi í Beaumont í Texas. Náðunarnefndin mun væntanlega taka afstöðu í málinu innan sex mánuða en það er svo ríkisstjórans að taka endanlega afstöðu til náðunarnefndarinnar.

„Ég hef upplýsingar um það að náðunarnefnd Texas hafi fengið málið til umfjöllunar. Það gerist í raun í kjölfar þess að Aron Pálmi ákvað að hann vildi

ljúka afplánuninni á Íslandi en einnig út af þeim stuðningi sem hann hefur fengið frá Íslandi og meðal annars frá RJF-hópnum. Þá er það svo að nefndin hefur um sex mánuði til að afgreiða málið en það getur tekið lengri tíma þar sem röðin er löng en við vonum það besta,“ segir Einar.

Einar segir að ef nauðsynlegt þyki muni sendinefnd á vegum stuðningshóps Arons Pálma halda til Texas til að þrýsta á afgreiðslu málsins. „Ef það er ekki hægt að nálgast yfirvöld í Texas með því að hringja eða skrifa þá verðum við að banka upp á. Það er nauðsynlegt að hamra járníð

meðan það er heitt. En við vitum að skrifstofu ríkisstjórans hefur borist bréf hópsins og það hefur verið staðfest af pósthlutningarfyrirtæki. Nú er að bíða og sjá. Við ætlum að fylgja þessu máli eftir,“ segir Einar.

Einar ræddi við Aron Pálma í vikunni og sagði að hljóðið í honum væri dauft og Aron Pálmi vonaðist eftir niðurstöðu sem fyrst. Hann ætti þó von á heimsókn frá foreldrum sínum og hlakkaði til að hitta þau. Ræðismaður Íslands í Houston í Texas hefur verið beðinn um að fylgja málinu eftir ytra og fara eða hringja til skrifstofu ríkisstjórans í Texas. Beðið er eftir því hvort sú vinna muni skila árangri.

Skrifstofa ríkisstjóra Texas kannaðist ekki við að hafa móttekið bréf RJF-hópsins þegar Fréttablaðið hafði samband þangað í gær. hjalm@frettabladid.is



EINAR S. EINARSSON Einar segir að mögulegt sé að sendinefnd haldi til Texas til að fylgja málinu eftir.

Segir formann Garðasóknar umboðslausan:

Sóknin á safnaðarheimilið

GARÐASÓKN Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Hans Markúsar, sóknarprests Garðasóknar, segist ekki geta séð að það sé löglegt að úthýsa sóknarpresti með því að skipta um skrár í safnaðarheimili Garðasóknar. „Það er sóknin sem á safnaðarheimilið, en ekki sóknarnefndin,“ segir Sveinn Andri.

Matthías G. Pétursson, formaður Garðasóknar, sagðist í Fréttablaðinu í gær ekki telja sóknina hafa skyldu til að útvega sóknarprestinum vinnuástöðu ef hann hunsaði úrskurð áfrýjunarnefndar um flutning. Sveinn Andri telur sóknarnefndina jafnvel umboðslausa fyrst að aðalsafnaðarfundur var ekki haldinn í maí síðastliðnum eins og gert var ráð fyrir.

„Við höfum fengið mikil viðbrögð frá prestum sem eru mjög slegnir yfir þessum ummælum,“ segir Sveinn Andri. „Þetta er staðfesting á því hvar vandinn liggur í



SVEINN ANDRI SVEINSSON Getur ekki séð að sóknarnefndin megi skipta um lása. Hann segir að engar kvartanir hafi borist frá sóknarbörnum, aðeins hluta starfsfólks.

sókninni.“ Hann segir engar kvartanir hafa komið frá sóknarbörnunum sjálfum, aðeins frá

hluta starfsfólks í sókninni.

EKKI NÁÐIST Í MATTHÍAS PÉTURSSON Í GÆR. ■





Útimálning, 10 ltr.

Akrýlbundin plastmálning á stein utanhúss.
7207040-46



Gori 44, hálfgegnsæ viðarvörn á allt timbur og er sérstaklega ætluð á hefðaðar klæðningar. Fæst í 11 staðallitum ásamt glæru. GORI 44 fæst í 0,75 ltr. og í 5 ltr.

Gori 44

Viðarvörn 5 ltr.
7042320-31

Viðarvörn 0,75 ltr.
7042300-11

Verð áður 1.295

995



Jotun Pallaolía

Pallaolía, 3 ltr.
7049123/33/37



TREBITT TERRASSEBEIS er ný pallaolía á markaðnum sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár. Fáanleg í 15 fallegum litum.

Trebit Terrassebeis

Pallaolía 3 ltr.
7049308

Pallaolía 1 ltr.
7049307

Verð áður 1.790

1.395



Kraftvask

Prífur seltu, sót ofl. fyrir málun
7158020

Verð áður 995

795

Útipenslasett

Fyrir viðarvörn/útimálningu
7006084

Verð áður 695

495



Reiðhjól 26"

Rautt/Blátt/Silfur. með dempara að framan og aftan.
V bremsur að aftan en diskabremsur að framan.
3899940

50% afsláttur

af reiðhjólahljálum ef keypt er hjól

Ástell

Diskabremsur

Sérfræðingar í málningu



HÚSASMÍÐJAN

...ekkert mál

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 10.06.2005			
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	64,22	64,52
	Sterlingspund GBP	117,21	117,77
	Evra EUR	78,55	78,99
	Dönsk króna DKK	10,55	10,61
	Norsk króna NOK	10,01	10,07
	Sænsk króna SEK	8,52	8,57
	Japanskt jen JPY	0,60	0,60
SDR XDR		94,55	95,11

Gengisvísitala krónunnar
110,41 +0,17%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ofbeldismenn gerðu árás í Hafnarfirði að nóttu:

Fóru mannavillt og réðust á lögreglu

LÖGREGLA. Fjórir karlmenn og ein kona réðust að ómerktum lögreglubíl í Hafnarfirði og skemmdu töluvert skömmu fyrir klukkan eitt á aðfaranótt föstudags. Í bílnum voru tveir óeinkennisklæddir lögreglumenn við eftirlit. Lögreglubílnum var ekið út í kant við Hverfisgötu í miðbæ Hafnarfjarðar til að hleypa bíl árásarmannanna hjá, en honum hafði verið ekið á eftir lögreglubílnum nokkra stund. Sá var þá einnig stöðvaður og ráðist á lögreglubílinn þannig að fremri hliðarrúður voru brotnar og skemmdir unnar á vélarhlíf og víðar. Lögreglan í Hafnarfirði sagði

markmiðið virðast hafa verið að ná til þeirra sem í bílnum voru. Lögreglumennirnir óeinkennisklæddu handtóku tvo á staðnum, karlmann á þrítugsaldri og tæplega tvítugan pilt. Hinir mennirnir og konan voru svo handtekin í gærðag og stóðu yfirheyrslur yfir fram eftir degi. „Eftir yfirheyrslur á fólkinu er ekkert sem bendir til þess að árásin hafi beinst að lögreglumönnum,“ sagði Kristján Ó. Guðnason, aðstoðaryfir lögregluþjónn í Hafnarfirði. Hann sagði að svo virtist sem fólkið hafi farið mannavillt og talið sig vera að ráðast á mann sem það átti við einhverjar óuppperðar sakir. -óka



VIÐ HAFNARFJARÐARHÖFN Fólkið sem þóttist eiga óuppperðar sakir við annan mann fór illilega mannavillt í Hafnarfirði í fyrrinótt þegar það réðst á óeinkennisklædda lögreglumenn þar sem þeir voru við störf. Tveir voru handteknir á staðnum og þrjú skömmu fyrir hádegi í gær.



KONUNGLEG VÍGSLA Hákon krónprins Noregs og kona hans Mette-Marit prinsessa heilsa Carlí Gustaf Svíakonungi við vígsluathöfnina í gær. Með á myndinni eru norsku konungshjónin, Sonja Svíadrottning og Viktoría Svíaprinsessa, og fleira tignarfólk.

Noregur-Svíþjóð:

Konungar vígja brú

NOREGUR, AP Konungar Noregs og Svíþjóðar, Haraldur V og Carl XVI Gústaf, vígðu við hátíðlega athöfn í gær nýja brú milli landanna. Á miðri brúnni, sem liggur yfir Svínasund suður af Óslófirði, afhjúpuðu konungarnir minnismerki í formi tveggja útréttra handa, tákn fyrir vináttu grannlandanna þegar rétt 100 ár eru liðin síðan Norðmenn slitu ríkjasambandinu við Svíþjóð.

Haraldur Noregskonungur sagði brúna, sem er 700 metra löng einbogabrá, vera „sterkt tákn um einingu bræðraþjóðanna tveggja“.

Nýju brúnni er ætlað að aughvæla samgöngur milli landanna, en gamla brúin, sem var byggð 1946, var orðin flöskuhals á þessari fjölförnu leið. ■

LÖGREGLUFRETTIR

ELDUR BRAUST ÚT Í SPENNUSTÖÐ hafnarsvæðisins á Sauðárkróki um klukkan 5:20 í gærmorgun. Lögregla og slökkvilið var kallað á staðinn en þegar tekist hafði að slökkva eldinn var allt brunnið innan úr stöðinni. Einhverjar tafir urðu á vinnu í vinnslustöðvum.

Ósamræmi í gögnum Ríkisendurskoðunar

Stjórnarandstaðan telur ótækt að Ríkisendurskoðun rannsaki sjálf hvort hennar eigin skýrslur gefi tilefni til vanhæfisathugunar á þætti forsætisráðherra við sölu ríkisbankanna. Gögn embættisins fela í sér misvísandi upplýsingar um þátt félags í eigu ættingja forsætisráðherra í söluferli ríkisbankanna.

STJÓRNMÁL Á fundi fjárlaganefndar með Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda og fulltrúum Framkvæmdanefndar um einkavæðingu á miðvikudag taldi ríkisendurskoðun enga ástæðu til þess að rannsaka hugsanlegt vanhæfi Halldórs Ásgrímssonar í söluferli ríkisbankanna. Í samantekt Ríkisendurskoðunar 7. júní segir að engar spurningar hafi vaknað af hálfu Ríkisendurskoðunar enda engin gögn um að hagsmunir hans rækjust eða kynnu að rekast á hagsmunum seljanda í ferlinu.

Í minnisblaði Ríkisendurskoðanda, einnig dagsettu 7. júní síðastliðinn, koma hins vegar fram upplýsingar sem embætti hans hefur nú ákveðið að taka til sérstakrar athugunar. Þar er meðal annars bent á að ónákvæmt sé að halda því fram að félagið Hesteyri, sem Skinney Þinganes og Kaupfélag Skagfirðinga notuðu til kaupa á stórum hlut í Keri, hafi á þessum tíma verið einvörðungu í eigu kaupfélagsins.

Lúðvík Bergvinsson þingmaður Samfylkingarinnar sat fundinn í fjárlaganefnd á miðvikudag. Hann bendir á að Hesteyri hafi fyrst átt aðild að S-hópnum í gegnum Ker og síðan í gegnum eignarhald sitt á hlutabréfum í VÍS. „Fyrir liggur að Hesteyri hagnaðist um 700 milljónir á því þriggja mánaða tímabili sem félagið átti hlutabréf í Keri. Þar sem forsætisráðherra gegndi starfi varaformanns ráðherranefndar um einkavæðingu á



SAMANTEKT OG MINNISBLAÐ RÍKISENDRUSKOÐUNAR Bæði skjölín eru dagsettu 7. júní síðastliðinn. Í samantektinni er ekki talin ástæða til athugunar á vanhæfi forsætisráðherra. Í minnisblaðinu er talað um ónákvæmar fullyrðingar um eignarhald á félaginu Hesteyri sem var í eigu Kaupfélags Skagfirðinga og Skinneyja-Þinganes, fyrirtækis í eigu fjölskyldu forsætisráðherra.

þessu tímabili, koma ákvæði stjórnsýslulaga um vanhæfi til skoðunar,“ segir Lúðvík.

Forystumenn stjórnarandstaðunnar ræddu bankasöllumál í fundi í gær, en þann fund sóttu meðal annars fulltrúar hennar í fjárlaganefnd. „Ríkisendurskoðun er í vaxandi mæli að endurskoða eigin verk. Hún hefur endurtekið komið að mál-

inu á fyrri stigum, mætt fyrir nefndir og talið málin upplýst,“ segir Steingrímur J. Sigfússon formaður Vinstri grænna. Hann bendir á að unnt sé að kjósa sérstakar rannsóknarnefndir á vegum Alþingis ef þurfa þykir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar bendir á að hægt sé að leita til sérfræðinga Háskóla Íslands

eða annarra lögfróðra þannig að Ríkisendurskoðun sé ekki sett í þá stöðu að rannsaka eigin verk.

Ekki náðist í Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda í gær. Steingrímur Ólafsson upplýsingafulltrúi Halldórs Ásgrímssonar segir að forsætisráðherra ætli ekki að tjá sig um málið fyrr en að lokinni rannsókn Ríkisendurskoðunar. johannah@frettabladid.is

Ómissandi í bílinn

KORTABÓK ÍSLANDS 2005-06

60 ný landshlutakort og 38 nákvæm kort af Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum.

Söfn • sundlaugar • tjaldsvæði • golfvællir • bensinstöðvar • tíðnisvið útvarpsstöðva ofl.

Ítarleg skrá yfir rúmlega 9000 örnefni og 2000 götur á höfuðborgarsvæðinu.

Ný útgáfa

Mál og menning edda.is

VEÐRIÐ Í DAG

Hæglætisveður. Það eru lítilar breytingar í veðrinu þessa næstu daga. Þemað er hægt breytileg átt, fremur milt og úrkomulítið. Í dag verður áfram þetta bjart norðan- og austanlands, en skýjað með ströndum sunnan- og vestanlands. Veðrið breytist lítið til mánudagsins, það er helst að það létti eitthvað til í höfuðborginni á mánudaginn, svona ef hann snýr sér í austan-áttirnar. Það má gera ráð fyrir einhverjum síðdegisskúrum og þokubökkum með suðurströndinni.

Í dag

Á morgun

Hæg breytileg átt. Líkur á einhverjum þokubökkum með ströndum.

Mánudagur

Hæg norðaustlæg eða breytileg átt. Líkur á þokubökkum með ströndum.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	13°C sk.m.köflum	Algarve	25°C heiðskirt
Oslo	12°C sk.m.köflum	Palma	22°C heiðskirt
London	18°C sk.m.köflum	Krit/Chania	23°C heiðskirt
Paris	19°C sk.m.köflum	Barcelona	23°C heiðskirt

Kveðja, Guðriður Arnardóttir náttúrufráveitingur.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrcoma er táknúð með dropum. Hítatölur sýna hæstu hitagildi.



GRILLHÁTIÐ

Á LAUGARDAG FRÁ 14.00 - 16.00



Allir sem kaupa bókina Gott af grillinu geta unnið glæsilegt Weber gasgrill og fleiri vandaðar grillvörur!

Grillhátíðin er í boði:



TILBOÐ

DALÍUR **395kr**



TILBOÐ

HENGILOBELÍA **395kr**



TILBOÐ

BETLEHEM STJARNNA **695kr**

17. JÚNÍ TILBOÐ Á SUMARBLÓMUM

TILBOÐ



NELLIKA **295kr**



BLÓMAKER FRÁ **1.280kr**

TILBOÐ



20 STJÚPUR **790kr**

TILBOÐ



R350 - 1000w **9.980kr**

SPRENGI-TILBOÐ!

NÝJA SENDINGIN AF

Raser


SLÁTTUVÉLUNUM ER KOMIN!

TILBOÐ



R 484 - 3.5hö **24.850kr**

TILBOÐ



- SKRAUTNÁL,
 - SILFURKAMBUR
 - DAGGARBRÁ
 - FLAULISBLÓM
 - FLJÓLUR
- 10 STK Í BAKKA

480kr

HVER RÆKTAR STÆRSTU MATJURTINA?



allt í garðinn á einum stað!

Útskriftablómin
Útskriftagjafirnar



KJÖRKASSINN

Á að halda áfram að vernda örninn?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	92,18%
Nei	7,82%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er ríkisendurskoðun rétti aðilinn til að rannsaka hæfi Halldórs í bankasölu?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Héraðsdómur Reykjavíkur: Hálft ár fyrir skattsvik

DÓMSMÁL Tveir menn á fimmtugsaldri, sem voru í forsvari fyrir ferðabjónustufyrirtæki, voru í gær dæmdir í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti fyrirtækisins, að upphæð um 3,3 milljónir, á árunum 2001 og 2002. Þá stóðu þeir ekki skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna, að upphæð um 11,3 milljónir. Fyrirtækið var lýst gjaldþrota í desember 2002.

Þá voru mennirnir dæmdir til að greiða 14,5 milljónir í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins eða sæta fangelsisvist í sex mánuði.

Undir áhrifum lyfja:

Velti stolnum bíl með þýfi

ÖNUNDAFJÓRÐUR Á sjötta tímanum í gærmorgun valt lítill fólksbílfreið í Önundarfirði. Ökumaðurinn var einn í bifreiðinni. Hann var fluttur á sjúkrahús en reyndist ekki alvarlega slasaður. Hann er grunaður um að hafa tekið bifreiðina ófrjálsri hendi og ekið henni undir áhrifum lyfja. Hann reyndist vera með útrunnin ökuréttindi.

Í bifreiðinni fannst DVD-spilari sem ökumaðurinn er grunaður um að hafa stolið, en fyrr um nóttina var sviptum spilara stolið í innbroti í bát í Ísafjarðarhöfn. Lögreglan á Ísafirði telur málið vera upplýst.

LÖGREGLUFRETTIR

VELTI BÍL VEGNA LAMBS

Erlendur ökumaður missti stjórn á bílaleigubíl sínum í Dýrafirði í fyrrinótt vegna lambs sem hljóp inn á veginn. Bíllinn fór eina veltu og er mikið skemmdur.

Tjónakostnaður á Suðurlandsvegi:

Fimm milljarðar á fimmtán árum

SAMGÖNGUR Heildarkostnaður samfélagsins vegna tjóna á Suðurlandsvegi milli Reykjavíkur og Selfoss á árunum 1990-2005 er um fimm milljarðar króna. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem Vinir Hellsheiðar héldu á Hótel Selfossi í gær. Meðalkostnaður vegna umferðarslysa á Suðurlandsvegi er rúmlega 5,6 milljónir en kostnaður á sambærilegum vegum annars staðar á landinu er ein og hálf milljón.

„Árekstrar á Suðurlandsvegi eru alvarlegri en gengur og gerist á landinu. Umferðin er svo þétt þarna og því er ekki skrifandi að aftanákeyrslur séu svo tíðar. Ég held

að ef vegurinn yrði tvöfaldaður þá myndi árekstrum fækka. Það er því þörf á að fjölga akreinum milli Reykjavíkur og Selfoss,“ segir Einar Guðmundsson, forvarnarfulltrúi hjá Sjóvá, sem kynnti tölurnar á fundinum.

„Við viljum koma þessum staðreyndum á framfæri svo hægt verði að byggja á þeim í umræðunni um veginn milli Reykjavíkur og Selfoss. Við viljum fá fjögurra akreina upplýstan veg því þannig teljum við að sem mest umferðaröryggi náist. Á þessum tölum er hægt að byggja ákvarðanir um slíka framkvæmd,“ segir Sigurður Jónsson hjá Vinum Hellsheiðar. -if



HELLISHEIÐIN Vinir Hellsheiðar vilja að fjögurra akreina upplýstur vegur verði lagður milli Reykjavíkur og Selfoss til að draga úr tíðni árekstra.

Álversframkvæmdir ekki stöðvaðar

Hjörleifur Guttormsson telur að stöðva beri framkvæmdir við álverið í Reyðarfirði á meðan beðið er eftir nýju umhverfismati. Umhverfisstofnun hyggst ekki afturkalla starfsleyfi og Fjarðabyggð mun ekki afturkalla framkvæmdaleyfi.

ÁLVERSFRAMKVÆMDIR Samkvæmt dómi Hæstaréttar síðast liðinn fimmtudag, í máli sem Hjörleifur Guttormsson höfðaði gegn íslenska ríkinu, Alcoa á Íslandi, Fjarðaáli og Reyðaráli, þarf að fara fram nýtt mat á umhverfisáhrifum álverksmiðjunnar sem í byggingu er í Reyðarfirði. Hjörleifur segir að umhverfismat sé forsenda og frumskilyrði fyrir



GUÐMUNDUR BJARNASON Bæjarstjóri Fjarðarbyggðar

veitingu framkvæmda- og starfsleyfis og því beri stjórnvöldum að afturkalla þau leyfi sem veitt hafa verið. „Stjórnvöld eiga að tryggja að beðið verði með frekari framkvæmdir á meðan Alcoa

vinnur að nýju mati á umhverfisáhrifum og það mat fær meðferð lögum samkvæmt,“ segir Hjörleifur. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir aðstoðarskipulagsstjóri hjá Skipulagsstofnun segir að framkvæmdaleyfi og starfsleyfi falli ekki sjálfkrafa úr gildi með dómnum heldur sé það í höndum leyfisveitenda. Umhverfisstofnunar vegna starfsleyfis og Fjarðarbyggðar vegna framkvæmdaleyfis, að afturkalla leyfin ef þessir aðilar telja forsendur fyrir leyfunum brostnar.

Þótt starfsleyfi hafi verið gefið út er ekki aðkallandi að endur-



VIÐ REYÐARFJÖRÐ Bæjarstjóri Fjarðarbyggðar segir að framkvæmdir við álverið haldi áfram enda komi ekkert fram í dómi Hæstaréttar sem kalli á að framkvæmdaleyfið verði afturkallað.

skaða það þar sem leyfið kemur í raun ekki til framkvæmda fyrr en verksmiðjan verður tilbúin árið 2007. Lögmáður Umhverfisstofnunar, Sigurður Örn Guðleifsson, segir að í kjölfar dóms Hæstaréttar hafi stofnunin skoðað hvort hugsanlega ætti að afturkalla starfsleyfið en ákveðið að gera það ekki. „Okkar niðurstaða er að bíða eftir nýju umhverfismati og skoða þá málið að nýju,“ segir Sigurður Örn.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum segir að óheimilt sé að gefa út leyfi fyrir matsskyldri framkvæmd og starfsemi sem

henni fylgi fyrr en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri Fjarðarbyggðar, segir að bæjaryfirvöld muni ekki afturkalla framkvæmdaleyfi enda komi ekkert fram í dómi Hæstaréttar sem kalli á slíkt. „Það eina sem við þurfum að skoða vandlega eru þau byggingaleyfi sem Alcoa sækir um á meðan á þessu umhverfismati stendur og gæta þess að þau brjóti ekki í bága við lög og reglugerðir. Verði hins vegar mikil breyting á nýju umhverfismati frá hinu fyrra þá þarf að fara yfir allar leyfisveitingar á



VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Á BIFRÖST Aðsókn í nýju námsleiðina HHS hefur farið framfar björtustu vonum. Bifröst er fyrsti íslenski háskólinn sem býður upp á námsleiðina.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst Mikil aðsókn í HHS

SKÓLAMÁL „Aðsóknin í nýju námsleiðina hefur verið framar björtustu vonum. Það eru tveir til þrjár um hvert pláss. Við tókum 45 nemendur inn á námsbrautina og af þeim eru svona 15 til 20 úr frumgreinadeildinni hjá okkur en þeir fá sjálfkrafa pláss við námsleiðina,“ segir Magnús Árni Magnússon, deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar, um nýja námsleið HHS sem boðið er upp á við skólann í fyrsta skipti núna í haust. Á námsleiðinni er tvinnnað saman heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði. -ifv

LÖGREGLUFRETTIR

ÚTI AÐ REYKJA HASS

Þrjár Reykvíkingar, rétt tæplega tvítugir, voru handteknir af lögreglu í fyrrinótt í Hamrahverfi í Grafarvogi þar sem sátu utandyra og reyktu hass. Þeir voru fluttir í yfirheyrslu og sleppt að henni lokinni.

BELTIN BJÖRGUÐU.

Jeppi keyrði í veg fyrir vörubíl hjá Arnesi í Þjórsárdal um hádegi í gær. Engin slys urðu á fólki en bílarnir voru báðir fluttir burt með krana. Lögreglan segir að beltin hafi bjargað mannlífum í þessum árekstri.

Formaður VG um nýfallinn Hæstaréttardóm:

Tíma sóað fyrir þrjósku og hroka

STJÓRN MÁL „Þetta sýnir að almenníngur hefur möguleika á að hafa áhrif og stjórnvöld mega ekki hunsa lög og reglur,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, um nýfallinn dóm Hæstaréttar varðandi umhverfismat álverksmiðju Alcoa.

„Ég tel fyrst og fremst á mælisvert að bæði framkvæmdaðili og eftir atvikum ráðuneyti skuli ekki hafa látið sér héraðsdóm nægja og farið á fullt með nýtt umhverfismat. Ég sé ekki betur en dýrmætum tíma hafi verið sóað í þrjósku og hroka með því að knýja málið upp í Hæstarétt til þess eins að tapa þar,“ sagði hann og taldi ljóst frá byrjun að ákaflega hæpin aðferðafræði væri að nota umhverfismat annarrar framkvæmdar sem byggði á allt annarri tækni. „Mér finnst um-

hugsunarefni hvernig yfirvöld taka þessum dómi og láta eins og ekkert sé. Ég skil ekki hvernig hægt er að halda áfram við framkvæmd sem ekki hefur farið í gegn um umhverfismat, en nú er ljóst að ekkert slíkt er til fyrir

þessa verksmiðju Alcoa,“ sagði hann og kvað augljóst að vinna þyrfti nýtt umhverfismat, sem jafnvel gæti leitt til breytinga á hönnun verksmiðjunnar. „Sérstaklega mengunarvarnarpættinum.“ -óká



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Steingrímur segist ekki sannfærður um að niðurstaða Hæstaréttar varðandi umhverfismat á verksmiðju Alcoa í Reyðarfirði þurfi að leiða til mikilla breytinga á framkvæmdahraða, en telur þó augljóst að nýtt umhverfismat þurfi að fara fram.

Dinamít
eftir Birgi Sigurðsson

Allra síðasta sýning í kvöld!

BÍÓLEIKHÚSIÐ

Sumartíska fyrir dömur og herra



RUGBY
JEANS CO.

TILBOÐ
1.699kr
Verð áður 1.999-



RUGBY
JEANS CO.

TILBOÐ
1.699kr
Verð áður 1.999-



TILBOÐ
1.499kr
Verð áður 1.699-

1.999kr



TILBOÐ
1.499kr
Verð áður 1.999-

TILBOÐ
2.999kr
Verð áður 3.999-



TILBOÐ
999kr
Verð áður 1.299-

4.999kr

3.999kr



TILBOÐ
1.499kr
Verð áður 1.699-

2.999kr

Leðurstígvél
fást eingöngu í Skeifu
Kringlu og Smáralind

TILBOÐ
5.999kr
Verð áður 6.999-

Leðurstígvél

TILBOÐ
6.999kr
Verð áður 7.999-

Gildir til 13. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





VEISTU SVARID?

- 1 Hver er ríkisendurskoðandi?
- 2 Hvar á landinu er Bildudalur?
- 3 Hvað er langt síðan veðurmælingar hófust á Íslandi?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Maður dæmdur í Héraðsdómi Vesturlands:

Fjórir mánuðir fyrir kynferðisbrot

DÓMSTÓLAR Maður var í gær dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þá 10 ára gamalli stúlku, en tveir mánuðir refsingarinnar voru skilorðsbundnir í tvö ár. Brotið átti sér stað í ágúst í fyrra. Þá var honum gert að greiða sakarkostnað auk 300 þúsund króna í miskabætur til stúlkunnar. Stúlkan var gestkomandi á heimili bróður mannsins, en þar var maðurinn einnig gestur ásamt sambýliskonu sinni. Móðir stúlkunnar var ásamt sambýlismanni sínum í tjaldvagni á tjaldstæði. Maðurinn kom drukinn í húsið um miðja nótt og var gerður afturrækur úr herbergi tengda-

móður bróður síns, en hún bar að hann hefði farið með fingur í rassinn á sér. Maðurinn kvaðst hafa tekið feil á henni og sambýliskonu sinni.

Þá fór maðurinn í stofuna þar sem stúlkan og fleiri börn sváfu og káfaði á kynfærum hennar og brjóstum. Stúlkan vaknaði og grét og flúði að lokum húsið og komst með hjálp ókunnugar konu sem hún hitti á leiðinni í tjaldvagni móður sinnar. Fram kemur í dómnum að eftir atburðurinn hafi stúlkan meðal annars verið þjökkuð af svefntruflunum, hræðslu, einbeitingarskort og kvíða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VEÓL



-óka



ÞJÓÐARBÓKHLÁÐAN Almenn ánægja virðist vera með notkun safnsins.

Þjóðarbókarhláðan:

Ánægðir safngestir

SKÓLAMÁL Notendakönnun var gerð meðal safngesta Þjóðarbóklöðu 10. mars. Spurningablöðum var dreift til 400 gesta og svöruðu rúmlega 86 prósent þátttakenda. Rúmlega 83 prósent þeirra voru nemendur við Háskóla Íslands. 88 prósent lýstu yfir almennri ánægju sinni með safnið.

Helsta aðfinnsluþing var stuttur afgreiðslutími en fjárhagskortur kemur í veg fyrir að hægt sé að lengja þann tíma. ■

Listarannsóknir:

Tveir fá styrk

LISTIR Rannsóknarsjóður Listasafns Háskóla Íslands úthlutaði í gær tveimur styrkjum, báðum að upphæð kr. 400.000.

Hrafnhildur Schram listfræðingur fékk annan styrkinn vegna vinnslu bókar um listakonuna Júlíönu Sveinsdóttur. Hinn styrkinn fékk Viktor Smári Sæmundsson forvörður til að stunda rannsóknir á höfundarmerkingum frumherja íslenskrar myndlistar. ■

HÉRAÐSDÓMUR

SITUR INNI Í 65 DAGA Fimmtugur maður var dæmdur í 65 daga fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir að berjja rúmlega tvítugan mann í andlitið þannig að sá hlaut glóðarauga. Þá ók hann bíl um Hafnarfjörð í marsmánuði á þessu ári þrátt fyrir að hafa verið sviptur ökuréttindum.

Fíklar falsa lyfseðla

Tilkynningar um falsaða lyfseðla berast til Lyfjastofnunar í hverjum mánuði. Þar eru á ferðinni einstaklingar sem eru að reyna að svíkja út morfínlyf og önnur ávanabindandi efni. Fíklar beita öllum brögðum til að komast yfir þau.

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjastofnun fær að jafnaði þrjár til fjórar tilkynningar á mánuði um falsaða lyfseðla, að sögn Rannveigar Gunnarsdóttur, forstjóra stofnunarinnar.

Fréttablaðið hefir greint frá herferð landlæknisembættisins gegn misnotkun á sterkum verkjalyfjum, þar á meðal morfínlyfjum. Fíklar beita öllum ráðum til að ná í þessi lyf. Þeir stela lyfseðilseyðublöðum, ljósrita þau jafnvel, villa á sér heimildir hjá lækni eða fara aðrar leiðir til að ná sér í efni til að sprauta sig með. Landlæknisembættinu hafa borist ábendingar um verkjasyjúklingar og krabbameinssjúklingar í bata-

haldi áfram að fá skrifuð út lyf og selji síðan með miklum hagnaði.

Rannveig segir, að lögregla sé kölluð til ef upp kemst um falsaða lyfseðla í apótekum. Ef uppvíst verður um falsanir eftir á, láti Lyfjastofnun lyfsöluleyfshafana vita. Ef tilkynnt er um stuld á heilum blokkum hefur Lyfjastofnun númerin á eyðublöðunum og getur tilkynnt um þau til apótekanna.

„Á sínum tíma voru vatnsmerki sett í lyfseðla til að hindra að hægt væri að ljósrita stolin eyðublöð,“ segir Rannveig. „Við hvetjum lækna til að passa vel upp á lyfseðla og vekjum reglulega athygli á þessum málum í apótekum.“

Hún segir að í framtíðinni verði lyfseðlar einnig rafrænir, sem auka mun öryggi. Þá verða þeir sendir í tryggum samskipta-kerfum gegnum tölvur. Tilrauna-kerfni með slíkar sendingar hefur staðið yfir undanfarin ár, en

það kostar talsvert að taka rafræna kerfið í notkun.

Í lyfjagagnagrunni landlæknisembættisins, sem nú er að mestu fullbúinn er hægt að sjá lyfjaávisanir einstakra lækna. Þegar hann verður fullbúinn verður hægt að sjá lyfjaávisanir til einstaklinga og til hvaða lækna þeir hafa leitad, að sögn Matthíasar Halldórs-sonar, aðstoðarlandlæknis.

Matthías segir að sönnunarbýrði sé afar erfið í málum, þar sem um þjófnaði, svik eða fals er ræða til að útvega ávanabindandi lyf. Helst þurfi að standa viðkomandi að verki til að hægt sé að aðhafast. Landlæknisembættið íhugar nú mjög að skylda fólk til að sýna persónuskilríki hjá læknum, þannig að menn geti ekki villt á sér heimildir þegar þeir koma til læknis sem þekkir þá ekki, eins og brögð eru að nú.

Í apótekum er skilríkja krafist við afhendingu eftirritunar-skyldra lyfja, að sögn Rannveigar.

jss@frettabladid.is

HALLÓ KRAKKAR!

NÚ ERUM VIÐ HJÁ SPRON KOMIN Í SUMARSKAP OG ÆTLUM AÐ GEFA ÖLLUM KRÖKKUM SEM EIGA EÐA STOFNA NÝJAN SPRON KRAKKAREIKNING SKEMMTILEGA SUMARGJÖF:

KÍKIÐ Í HEIMSÖKN Í NÆSTA ÚTIBÚ OG NÁIÐ Í NÝJA ÁLFHEIMASPILIÐ



GLÆNÝTT ÁLFHEIMASPIL MEÐ BENEDIKT BÚÁLFI OG FELÖGUM!

BENEDIKT BÚÁLFUR

SPRON KRÄKKAR



FALSANIR Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, með bunka af fölsuðum lyfseðlum sem borist hafa til stofnunarinnar á undanföllum mánuðum.

Íbúalýðræði á Akureyri:

Hætt við Dalsbraut

SKIPULAGSMÁL Bæjarráð Akureyrar hefur samþykkt tillögu Kristján Pórs Júlíussonar bæjarstjóra þess efnis að hætt verði við lagningu Dalsbrautar, sunnan Þingvallastrætis, en þess í stað verði lagður göngu- og hjólastígur í götustæði. Jafnframt verði teknar upp viðræður við KA um mögulega stækkun á núverandi íþróttasvæði félagsins og um nýtt svæði í Naustahverfi. Einnig á að kanna til hlítar hvaða möguleikar eru á vegtengingu frá Naustahverfi niður á Drottningarbraut og hefja undirbúning að gerð Miðhúsabrautar og er þá miðað við að legu hennar verði breytt frá núverandi skipulagi þannig að hún liggja vestan Mjólkursamlags.

Kristján Þór lagði þessar breytingar fram eftir samráð við íbúa á svæðinu og segir hann tilganginn að ýta til hliðar gömlu deilumáli um legu Dalsbrautar og



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Bæjarráð samþykkti tillögu Kristján Pórs einróma og mun bæjarstjórn taka hana til endanlegrar afgreiðslu næstkomandi þriðjudag.

Miðhúsabrautar. „Í kjölfarið munum við vinna að varanlegri sátt í góðri samvinnu og samráði við íbúana með öryggi gangandi og akandi að leiðarljósi,“ segir Kristján Þór.

-kk

Frían fána
fyrir
þjóðhátíð

Stjúpur

20 stk. hreinir litir

Verð: **789**



Allir sem kaupa sumarblóm fá
íslenskan fána (60 sm) í kaupbæti

Stórlækkkað verð á sumarblómum



Hengilobelia

399



Margaríta
4 stk.

999



Nellíka

299



Petúnía

3 stk. **299**



Flauelsblóm

10 stk. **499**

blómaval
heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind



HLIDAR SAMAN HLIDAR Takahiro Takeda, útskriftarnemi frá Tohoku-háskóla, dansar hér við dansvélmenni á vélmenningu í Nagakute í Japan. Þetta vélmenni er forritað til að kunna helstu samkvæmisdansa auk þess sem það lætur að stjórn með sérstökum nemum.

Varnir gegn fjölonæmum bakteríum:

Hert á innra eftirliti

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðuneytið hefur beint þeim tilmælum til heilbrigðisstofnana að herða innra eftirlit til varnar fjölonæmu bakteríunni, MÓSA, að sögn Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra.

Sérfræðingahópur á Norðurlöndunum hefur rannsakað útbreiðslu bakteríunnar og sent heilbrigðisyfirvöldum niðurstöðurnar. Segja sérfræðingarnir vafur fyrir dyrum á Norðurlöndum ef ekki verði gripið til varnaraðgerða gegn bakteríunni.

Ráðherra segir yfirmenn Landspítala háskólasjúkrahúss hafa áhyggjur af þessari þróun.

Málið snúist um þrif, aðstöðu og sóttþreinsanir.

„Þetta sýnir fyrst og fremst að það er þörf á að reisa nýjan spítala,“ segir ráðherra. „Aðstaðan á núverandi spítala er barn síns tíma, einkum hvað varðar snyrtingar og hreinlætisaðstöðu. Hins vegar er nauðsynlegt að við reynum að aðstoða við brýnustu úrbætur meðan ekki er risinn nýr spítali. Það þýðir aukið viðhald,“ segir ráðherra, en segir þó fjármuni ekki fasta í hendi til þeirra nota. Það breytti því ekki að auka þyrfti fjármagn til viðhalds spítalans ef vel ætti að vera.

-jss



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Jón Kristjánsson segir æskilegt að auka viðhaldsfé Landspítala háskólasjúkrahúss til að efla varnir gegn fjölonæmum bakteríum.

Embætti Yfirdýralæknis:

Bannað að flytja inn dýr með Norrænu

HEILBRIGÐISMÁL Embætti yfirdýralæknis áréttar að bannað sé með öllu að flytja lifandi dýr hingað með farþegaskipinu Norrænu. Þau má bara flytja inn um Keflavíkurflugvöll.

Gísli Sverrir Halldórsson, dýralæknir inn- og útflutnings, segir reglurnar áréttaðar vegna ótta um að ferðafólk telji að hér gildi reglugerð Evrópusambandslanda um dýrainnflutning og gæludýravegabréf, en svo er ekki. „Við sendum í fyrra upplýsingar um þetta til stjórnenda Norrænu og fórum fram á að þeir kynntu farþegum,“ segir Gísli, en komi dýr með skipinu þarf annað hvort að senda þau strax til baka eða aflífa að öðrum kosti.

- óká



VEFUR YFIRDÝRALÆKNIS Á vef Yfirdýralæknis, yfirdýralæknir.is, eru áréttaðar reglur um innflutning dýra og matvæla. Þá kemur fram að bannað er að flytja inn notuð reiðtygi og hestakerrur.

Tíu þúsund vegabréf verða gefin út í júní

Ef fram heldur sem horfir verða tíu þúsund vegabréf gefin út í þessum mánuði. Mikill erill hefur verið hjá Útlendingastofnun. Aukin spurn eftir ferðum til Bandaríkjanna, og kröfur um vegabréf með segulrönd meginástæðurnar.

FERÐALÖG Mikið álag hefur verið hjá Útlendingastofnun undanfarið vegna vegabréfaútgáfu. Þann 9. júní síðastliðinn höfðu 3000 vegabréf verið gefin út, og ef fram heldur sem horfir verða yfir tíu þúsund vegabréf gefin út í mánuðinum, sem er einsdæmi. Í júní í fyrra voru gefin út rúmlega sex þúsund vegabréf, sem þótti mjög mikið þá. Flestir umsækjendanna eru á leið til Bandaríkjanna.

„Afgreiðslan er stútfull alla daga af fólki sem er pirrað yfir því að þurfa að bíða,“ segir Elín Inga Arnórsdóttir, verkstjóri vegabréfaveildar. „Það hefur verið aukning hjá okkur alla mánuði ársins 2005. Húsnæðið og tölvukerfið hjá okkur býður ekki upp á meiri afköst.“

Krónan hefur verið mjög há gagnvart Bandaríkjadal undanfarið og því ódýrt að ferðast þangað og hagkvæmt að versla þar. Einnig mun bandaríska vegabréfaeftirlitið frá og með 26. júní gera kröfu um að öll vegabréf hafi tölvulesanlega rönd. Nú eru því síðustu forvöð að útvega ný vegabréf fyrir þann tíma. Almennur afgreiðslutími vegabréfaumsókna er tíu virkir dagar.

Hjá Flugleiðum fengust þær upplýsingar að ferðalög Íslendinga til Bandaríkjanna hefðu aukist um 50 prósent síðan í fyrra. „Ég vil brýna alla sem ætla til Bandaríkjanna að útvega sér gild vegabréf með góðum fyrirvara,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Flugleiða. Fylgjast á vel með því að farþegar komist ekki um borð með úrelt vegabréf en flugfélög verða sektuð um rúmar 200.000 krónur fyrir hvern slíkan farþega.



VEGABRÉF MED TÖLVURÖND Hér sést röndin sem fljótlega verður skilyrði í Bandaríkjunum.

Tolla- og landamæraeftirlit Bandaríkjanna hefur lýst yfir að farþegar með vegabréf án tölvurandar geti ekki vænst þess að fá neinar undanþágur eftir 26. júní.

Öll vegabréf gefin út á Íslandi eftir 1. júní 1999 hafa tölvurönd og duga því til að komast til Bandaríkjanna. Hins vegar hefur verið vandkvæðum bundið að

komast þangað með eldri vegabréf og eru dæmi þess að Íslendingar með gömul vegabréf hafi verið teknir í yfirheyrslur, jafnvel í margar klukkustundir.

Bandaríkin eru fyrsta ríkið í heiminum sem gerir kröfu um tölvurönd á vegabréfum, en búast má við því að fleiri lönd fylgi í kjölfarið áður en langt um líður.

grs@frettabladid.is

KOLAPORTIÐ í samstarfi við Villt Rokk kynnrir:



Rictus Grin
spilar í Kolaportinu í dag kl. 14 ókeypis aðgangur geisladiskar og bolir til sölu

OPIÐ um helgina frá kl. 11-17

Líknarskrá um hinsta vilja:

Mikil eftirspurn hjá landlækni

HEILBRIGÐISMÁL Mikið er spurt eftir líknarskrá, sem er í vinnslu hjá landlæknisembættinu, að sögn Sigurðar Guðmundssonar landlæknis. Hún er nú komin í handrit, en enn á eftir að senda hana nokkrum stofnunum til yfirlustrar. Hún tekur til þátta er varða takmarkanir á lækni meðferð, til að mynda endurlífgun og vökvagjöf. Þá tilnefni einstaklingur umboðsmann, sem framfylgir hinsta vilja hans. Loks getur einstaklingur skráð hvort hann vilji gefa líffæri eða ekki.

„Við erum að undirbúa hvernig við gefum líknarskrána út og jafnframt að undirbúa prentun á þar til gerðu eyðublaði sem fólk fyllir út og lýsir yfir hinsta vilja sín-

um,“ sagði Sigurður. „Líknarskráin verður tilbúin á næstu vikum.“


Einn einstaklingur hefur þegar skrifað undir yfirlýsingu um hinsta vilja sinn hjá Landlæknisembættinu. Sigurður sagði að hann hefði óskað sérstaklega eftir því og að sjálfsögðu hefði verið orðið við þeirri bön.

„Það er greinilegt að fólk sér þörfina á slíkri skrá um hinsta vilja,“ sagði Sigurður. „Við höfum fengið mikið af jákvæðum viðbrögðum og fólk hefur spurt af hverju við værum ekki löngu búnin að þessu. Ég býst við því að margir muni notfæra sér þetta plagg og það mun verða fyrirliggjandi á sjúkrahöfnum.“



LANDLÆKNIR Sigurður Guðmundsson segir stutt í að líknarskráin verði tilbúin.

- jss



ÍSLENSKA AUGUSTINGASTOFAN/SIA.IS LEI 288.99 09/05

Við styðjum íslenska knattspyrnu með stolti

5. UMFERÐ KARLA			
lau.	11. júní	14:00	Fram -ÍA
lau.	11. júní	14:00	FH - Þróttur R.
sun.	12. júní	17:00	ÍBV - KR
sun.	12. júní	19:15	Keflavík - Valur
sun.	12. júní	20:00	Fylkir - Grindavík
5. UMFERÐ KVENNA			
lau.	11. júní	14:00	ÍBV - Valur
þri.	14. júní	20:00	Stjarnan - Breiðablik
þri.	14. júní	20:00	KR - Keflavík
þri.	14. júní	20:00	ÍA - FH



Landsbankinn
Banki allra landsmanna



410 4000 | www.landsbanki.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Kirkjan, jafnt sú lúterska og kaþólska, hefur sett ofan á síðustu vikum og mánuðum.

Ófriðarbálin í kirkjunum

Líklega er mikilvægt að kirkjunnar menn gangi fram fyrir skjöldu og hagi sér skikkanlega í samfélaginu. Lengi vel hefur almenningur haft þá mynd af andlegum trúarleiðtogum sínum að þar fari að jafnaði þrúðir menn sem liggi gott orð til samferðamanna sinna og sýni jafnvægi og stillingu á viðkvæmum augnablikum í lífi fólks og þjóðar. Sú sjálfsgöða krafa er gerð til þessara umboðsmanna kristinna gilda að þeir hafi boðorðin á hreinu; sýni öðrum gott fordæmi og leiði siðbótina.

Prestsstarfið er óhemju erfitt, vinnutíminn er óljós og verður ekki felldur að vöktum eða vísnum stimpilklukkunnar. Vinnulagið helgast af næmni og trúverðugleika, sérlegri lipurð í mannlegum samskiptum. Og trúnaður prestsins við sóknarbörn sín þarf að líkindum að vera langtum meiri en almennt þekktist á meðal annarra starfstétta. Það er af þessum sökum sem það er ekki á færi allra guðfræðinga að verða góðir prestar.

Landsmenn fylgjast þessa dagana með kraftmiklu ófriðarbáli sem geisar í Garðasókn og Landakoti. Vart má á milli sjá hvor vettvangurinn er eldfimari. Það er í nokkurri forundran sem venjulegt fólk les sér til um ávirðingarnar sem stríðandi fylkingar bera hver á aðra. Og hafi fyrirsögn gærdagsins verið gassaleg má búast við enn sterkari meiningum á morgun.

Svo virðist sem Biskupsstofa standi að einhverju leyti máttlítil gagnvart vandanum í Garðasókn. Þar mætast stálin stinnari en menn eiga að venjast úr fyrri tíma vandræðum sem skapast hafa í samskiptum sóknarpresta og sóknarnefnda – og er þó af yfrið nógu að taka í þeim efnum. Sóknarpresturinn í Garðabæ, rækilega studdur af lögmanni sínum, segist einfaldlega ætla að hunsa fyrirmæli biskups; hann þiggi ekki umboð sitt frá honum, hann þiggi það frá ráðherra – og engum öðrum. Í aðal-fyrirsögn Fréttablaðsins í gær mátti svo lesa þau orð formanns Garðasóknar að presturinn yrði læstur úti, skipt yrði um skrár í safnaðarheimilinu, nefndin teldi sig ekki hafa neina skyldu til að útvega sóknarpresti vinnuáðstöðu.

Deilan í Landakoti er af öðrum toga. Hún á það þó sameiginlegt við illindin í Garðasókn að þar tekst prestur og lærifaðir á við nefnd sem virðist hafa verið sett honum til höfuðs. Og eftirmálin þekkja landsmenn. Þar fyrir utan virðast fjármálin í óreiðu. Og Landakotsskóli, sem um langt árabil hefur kennt sig við kristið umburðarlyndi og kærleiksboðskap, titrar bókstaflega af bræði. Skammt frá stendur sjálfur biskup kaþólskra á Íslandi og veit ekki á hvorri öxl hann ber hempuna.

Auðvitað gengur þetta ekki.

Kirkjan, jafnt sú lúterska og kaþólska, hefur sett ofan á síðustu vikum og mánuðum. Því miður. Það er engum skemmt yfir þessum hnútuköstum sem ganga manna í millum; þvert á móti krefjast menn þess að sémilega upplýst fólk geti hagað sér í einhverju samræmi við boðskapinn sem það segist trú á.

Svo eru menn að segja að unga fólkið hagi sér undarlega nú til dags.

Það er ekki vandamálið miðað við þessi ósköp. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Ríkisendurskoðun og ríkisstjórn</p> <p>Mikið fár ríkti í gær og svo virtist sem staða Halldórs Ásgrímssonar, í embætti forsætisráðherra, væri afar veik. Kenningarnar um það hvers vegna Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi, ætli að kanna stöðu Halldórs í Búnaðarbankasölu eru margar, alveg frá því að vilji Halldórs og félaga hafi ráðið því að málið væri skoðað betur. Þar á bæ sé fullvissa fyrir hvítþvotti og Halldór standi sterkari eftir en áður. Ekki veitir af,</p> 	<p>ef marka má hvernig umræðan hefur þróast.</p> <p>Það er ekki víst</p> <p>Svo er hin kenningin, hún er sú að Sigurður Þórðarson, ríkisendurskoðandi, hafi ekki átt annan kost en kanna málið frekar til að eyða efa um stofnunina. Það hafi hann neyðst til að gera eftir að ljóst var að gögn frá honum eru misvísandi, eins og fram kemur hér í blaðinu í dag.</p> <p>Ný ríkisstjórn</p> <p>Kenningameistarar eru farnir að mynda nýjar ríkisstjórnir. Þar kemur Samfylkingin eðlilega við sögu og staða Össur-</p>
<p>ar Skarphéðinssonar fyrrverandi formanns. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður flokksins sagði á Talstöðinni að þegar og ef til þess kemur að hún myndi ríkisstjórn fái Össur fyrstur allra að velja sér ráðherraembætti af þeim sem flokkurinn mun fá við myndun ríkisstjórnar. Orð Ingibjargar féllu í misgrýttan jarðveg meðal hennar hörðustu stuðningsmanna. Í þeim hópi er mismikil gleði með Össur og ekki víst að stuðningur við hann sé jafn almennur og í fyrstu var talið.</p>  <p>sme@frettabladid.is</p>	

R-hópurinn

Þá er ríkisblaðið sem Guðrún Helgadóttir kallaði eftir á sínum tíma loksins komið fram. Það fylgdi Mogganum á fimmtudaginn og kallast Málið. Það er viðeigandi nafn á ríkisblaði. Ekki eins yfirþyrmandi og Sannleikurinn – eins og ríkisblöð í Sovétinu voru gjarnan kölluð. Málið er gefið út af ríkisfyrirtækinu Landssímanum, sem nýtir síðustu daga sína í ríkisránni til að ríkisvæða fjölmiðla – þótt flestum, öðrum en Guðrúnu Helgadóttur, finnst sjálfsagt nóg um fyrirferð ríkisins á fjölmiðlamarkaði. Fyrst keypti Landssímurinn Skjá einn og enska boltann – ríkisvæddi Survivor, Sýlyú Nótt, Chelsea og Poppunkt. Í vor lét Landssímurinn síðan Skjá einn kaupa ungmennautvarpsstöðvarnar Kiss fm og Xfm, í félagi við útgáfufélag Blaðsins.

LAUGARDAGSBRÉF
SKRIFAR UM R-HÓPINN,
VIÐSKIPTAKLÍKU SEM
FÁIR VEITA ATHYGLI.



GUNNAR SMÁRI EGILSSON

Fyrir okkur, sem lifum og störfum utan pilsfalds ríkiskerfisins, lítur þetta út eins og ríkiskallarnir standi saman – að þeir myndi eins konar klíku í viðskiptalífínu: R-hópurinn.

steinsson fyrir að senda opinbert fyrirtæki í vafasöm viðskiptaævintýr? Kannski hafa Guðlaugur Þór og ungir sjálfstæðismenn ekkert á móti hirdislausu fé í samkeppnisrekstri eða austri á opinberu fé í gæluverkefni stjórnenda – kannski snýr andúðin að Alfreð Þorsteinssyni persónulega.

Líklega liggur ástæðan fyrir þögn ungu varðliðanna í því sem allir telja sig vita. Stjórnendur Landssímans færu ekki að ríkisvæða fjölmiðla á Íslandi nema með samþykki handhafa 95 prósent hlutfjár í félaginu – ríkisstjórnar Íslands. Allra síst á sama tíma og ríkisstjórnin er að selja kompaníð. Þótt ríkisvæðing fjölmiðlanna samhliða einkavæðingu Landssímans hljómi sem sköndin endaleysa hlýtur þetta að vera stefna ríkisstjórnarinnar.

Stefna í hverju? kynni einhver að spyrja. Og hvert er stefnt?

Nýjasta útspil ríkisvaldsins á fjölmiðlamarkaði var að heimila

Landssímanum formlega að skylda alla þá sem vilja horfa á enska fótboltann næsta vetur til að kaupa ADSL-þjónustu af Landssímanum. Þetta er álfka og ef ríkisvaldið heimilaði Heklu að neyða alla kaupendur að Volkswagen til að kaupa aðeins bensín hjá Esso. Þessi sérstaka og formlega heimild til að skekkja samkeppnisumhverfið kom frá Samkeppnisstofnun – eins smellið og það nú hljómar.

Því miður er þetta ekki einsdæmi þess að ríkisfyrirtæki fái ívilnanir hjá ríkisstofnunum eða stjórnvöldum. Fyrir okkur, sem lifum og störfum utan pilsfalds ríkiskerfisins, lítur þetta út eins og ríkiskallarnir standi saman – að þeir myndi eins konar klíku í viðskiptalífínu: R-hópurinn. Póst- og fjarskiptastofnun hefur þannig tekið sér ár og aldir í að úthluta leyfum til útsendinga á stafrænum sjónvarpsmerkjum um bylgjur loftslagsins – þótt yfirdrifið nóg pláss sé í loftinu til að uppfylla óskir allra sem vilja nota þær. Á meðan enginn má selja sjónvarp um loftið keppist Landssímurinn við að fá fólk til að kaupa sjónvarp um koparvíra gegn skuldbindingu um kaup á símaþjónustu. Og stjórnvöld eru sífellt að boða harðar takmarkanir á einkarekna fjölmiðlun á sama tíma og þau vilja skapa sem allra mest svigrúm fyrir rekstur Ríkisútvarpsins.

Ég er ekki viss um að þetta ástand hafi skapast vegna einbeitts vilja stjórnarherra. Þvert á móti. Þetta skrítna ástand – uppgangur R-hópsins – hefur líklega orðið til vegna þess að stjórnarherra skortir dug til að halda ríkisgeiranum við hlutverk sitt – að þjóna almenningi. Innan ríkisstofnana og -fyrirtækja hefur óhindrað vaxið ótaminn vilji til valds. Þess vegna ríkisvæðist samfélag okkar miklu hraðar en tekst að einkavæða það. ■

Taktu þátt... 

Í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á visir.is og þú gætir farið frítt í leikhús – 20 miðar og 2 árskort í boði!



GRÍMAN
ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

Í samvinnu við:



Norskt sjálfstæði í 100 ár

Hamingjusamur skilnaður

Vangaveltur um framtíð Noregs í Evrópu er öld er liðin frá sambandsslitunum við Svíþjóð



LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFEÐLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRNAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRN: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRN: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatlahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



ISIENSKA AUGLEIÐINGASTOFNAN SIA. IS TM 2007 06/2005

Tryggðu barninu þínu öruggt verðlaunasæti

BabySam selur eingöngu barnabílstóla sem standast allra ströngustu öryggiskröfur og eru auk þess þægilegir og einfaldir í notkun. Römer-barnabílstólar hafa staðist öryggispróf við harkalegustu aðstæður sem um getur. Jafnframt staðfesta gæðapróf Stiftung Warentes og ADAC að Römer-stólarnir eru þeir bestu í sínum þyngdarflokki.

Komdu í BabySam í Skeifunni 8 eða Smáralind og tryggðu barninu þínu öruggt sæti í umferðinni.


Tilboð fyrir viðskiptavinum TM

BabySam býður viðskiptavinum TM **20% afslátt af Römer-barnabílstólum.**

Einnig er boðinn 20% afsláttur af leigustólum og athugið að panta þarf leigustóla með fyrirvara í netverslun TM.



BabySam



Línu skautar

Með öllum GSM tilboðum
fylgja grúví símalínuskautar
á 2.000 kr. Hlífar fylgja með.*

2.000 KALL



Sony Ericsson K508i
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

980 Léttkauþ-
útborgun

og 1.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 12.980 kr.



Motorola Razr V3
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

4.980 Léttkauþ-
útborgun

og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 28.980 kr.

*Tilboð gildir meðan birgðir endast.

Sony Ericsson T630
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

980 Léttkaups-
útborgun

og 750 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 9.980 kr.



Sony Ericsson K700
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

2.980 Léttkaups-
útborgun

og 1.250 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 17.980 kr.



Nokia 6020
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

980 Léttkaups-
útborgun

og 1.500 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 18.980 kr.



Nokia 3230
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

5.980 Léttkaups-
útborgun

og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 29.980 kr.



Nokia 6230i
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum

5.980 Léttkaups-
útborgun

og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð aðeins 29.980 kr.



DV Helgarblað

Tuttugu ár frá brunanum sem tók Fannar og Brynjar



Hefur þú séð þú DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Huldukona á hlaupum

STEINUNN JÓNSDÓTTIR,
KAUPSÝSLUKONA OG INNANHÚSSARKITEKT

Viðskipti með fjögurra prósentu hlut í Íslandsbanka í vikunni vöktu athygli og í kjölfarið vöknudu vangaveltur um meiriháttar umrót og jafnvel sameiningu fyrirtækja á fjármálamarkaðnum. Kaupandi bréfanna var fjárfestingarfélagið Burðarás en seljandinn var Steinunn Jónsdóttir innanhússarkitekt. Viðskiptin hljóðuðu upp á 7,3 milljarða króna og í Fréttablaðinu á fimmtudag var talið að hreinn hagnaður Steinunnar væri á annan milljarð króna.

Steinunn Jónsdóttir er nýlega orðin 37 ára, fædd í endaðan maí 1968. Fyrstu árunum varði hún í Breiðholtinu en fluttist þaðan með fjölskyldu sinni í Arnarnesið þegar hún var unglingur.

Hún var samviskusamt barn, raunsæ og jarðbundin og sinni skólagaöngu sinni af alúð. Með náminu æfði hún sund og var góður sundmaður.

Fljótlega eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík hélt Steinunn til Bandaríkjanna til náms í innanhússarkitektúr. Það lá þó ekki beint við að nema þau fræði því jafnframt hafði hún áhuga á að fara í listnám. Af því lét hún svo verða fyrir nokkrum misserum þegar hún fór aftur til Bandaríkjanna og þá í listháskóla. Enn lærir Steinunn og er nú hálfnuð með MBA-nám í Háskólanum í Reykjavík. Hún er sögð toppnámsmaður sem nýtur þess að læra.

Hún hefur ekki unnið mikið að innanhússarkitektúr en tekið að sér sjálfstæð verkefni og um tíma vann hún á teiknistofunni Glámu-Kím.

Steinunn er elst þriggja systkina, dóttir hjónanna Jóns Helga Guðmundssonar, sem kenndur er við Byko, og Bertu Bragadóttur kennara. Stórfjölskyldan er sögð

samhent og samgangur talsverður. Eins og gengur með elstu börn fór hún fyrir systkinum sínum á æskuárnum og var full ábyrgðar gagnvart þeim.

andi eiginmaður Steinunnar er Hannes Smárason, stjórnarformaður FL group.

Hún heldur góðu sambandi við nokkrar vinkvenna sinna frá æskuárnum og fer það orð af henni að hún sé einstaklega traustur og góður vinur. Steinunn lifir heilbrigðu lífi og hugsar vel um líkama og sál. Eitt af hennar helstu áhugamálum er langhlaup og hefur hún hlaupið nokkur maraþon um ævina.

Til að ná langt í hlaupum þarf aga og skipulag og að því býr Steinunn Jónsdóttir. Viðmælendum Fréttablaðsins bar saman um að hún anaði aldrei út í neitt heldur framkvæmdi hún hlutina að vel athugðu máli. Hún þykir alvörugæfin, er laus við galgopahátt og sver sig þannig í föðurættina.

Ekki er langt síðan Steinunn gaf sig að viðskiptum og vakti það talsverða athygli þegar hún um mitt síðasta árhugi eignaðist hlut í Íslandsbanka. Það vakti líka athygli þegar hún settist í bankaráð Íslandsbanka í nóvember og enn vekur hún athygli nú þegar hún svo selur hlut sinn í bankanum. Ekki er óvarlegt að ætla að hún láti frekar að sér kveða í íslensku athafnalífi í framtíðinni og geri viðskiptin að ævistarfi með einhverjum hætti. Hefur hún meðal annars áhuga á að tengja saman listir og viðskipti og elur með sér draum um að koma á fót listamannasetri þar sem fólki gefst færi á að dvelja um tíma og sinna list sinni. Í því augnamiði hefur hún þegar keypt í jörð í Skagafirði, en þar á hún rætur í föðurættina.

Steinunn lætur lítið fyrir sér fara á opinberum vettvangi, forðast kastljós fjölmiðlanna og veitir sjaldan viðtöl. Er sú afstaða sögð liggja í karakter hennar, fremur en að hún hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að halda sig utan sviðsljóssins.

Ólíklegt er að það breyttist með árunum; líklegra er að Steinunn Jónsdóttir verði áfram nokkurs konar huldukona í viðskiptalífinu og láti verkin tala. ■



Sjálf á Steinunn tvö börn, stúlku á ellefta ári og dreng á áttonda ári. Faðir þeirra og fyrrver-

Kríusandur

GESTUR GUNNARSSON
SKRIFAR UM LANDROF Í VIÐEY

Viðey er í raun tvær eyjar, Austurey og Vesturey. Þessar tvær eyjar eru tengdar með eiði. Eiðið hefir orðið til úr mól og sandi sem hafaldan hefir molað úr Vestureynni. Þess fínna sem sandurinn er, þess lengra berst hann austur með ströndinni. Inni við Kríusand er aldan orðin það lág að sandurinn sem sest til er orðinn nokkuð fínn.

Strandlínan hefir verið að mótast á u.þ.b. tíu þúsund árum og var í jafnvægi við öldukraftana áður en byrjað var að breyta ströndinni landmegin vegna hafnargerðar. Fulltrúi hafnarinnar hefir sagt að landrof við Kríusand sé af eðlilegum orsökum og vísar til landrofs í Engey, þetta er rétt. Engey rofnar að vestanverðu vegna ágangs sjávar, mól og sandur berast austur með ströndinni og hafa myndað heilmikinn hala austur úr eyinni, sem af einhverjum ástæðum heitir Engeyjartagl.

Þórhildur Guðmundsdóttir verkfræðingur hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hefir gert umhverfismat vegna hafnargerðar við Viðeyjarsund. Þórhildur komst að því með útreikningum að uppfylling og garður utan við Skarfaklett myndu ekki hafa

Nú hefir orðið talsvert landrof við Kríusand og ljóst að það hefir ekki orðið vegna hækkunar öldu sem er að koma beint utan af hafinu. Það er þekkt fyrirbæri við hafnargerð með miklum uppfyllingum, dýpkun og þéttum viðleguköntum að ölduorka getur safnast upp og valdið ýmsum usla. Svo er annar möguleiki. Vindatrenna frá botni Elliðaavogs að Kríusandi er þrjú kílómetrar, á svo langri leið getur myndast rúmlega eins metra há vindbára, ef vindhraði er tuttugu metrar á sekúndu af suðri, ef áhrifa botns og stranda gætir ekki.

þau áhrif að hafaldan hækkaði við strönd Viðeyjar.

Nú hefir orðið talsvert landrof við Kríusand og ljóst að það hefir ekki orðið vegna hækkunar öldu

sem er að koma beint utan af hafinu. Það er þekkt fyrirbæri við hafnargerð með miklum uppfyllingum, dýpkun og þéttum viðleguköntum að ölduorka getur safnast upp og valdið ýmsum usla. Svo er annar möguleiki. Vindatrenna frá botni Elliðaavogs að Kríusandi er þrjú kílómetrar, á svo langri leið getur myndast rúmlega eins metra há vindbára, ef vindhraði er tuttugu metrar á sekúndu af suðri, ef áhrifa botns og stranda gætir ekki.

Nú háttar svo til þarna við Elliðaavog að rekin hafa verin niður stálþil, fyllt upp og dýpkað, þannig að fjaran sem aldan sveigði upp í er horfin og sunnanaldan því hærri úti á Viðeyjarsundi en hún var áður. Ströndin mótaðist af ríkjandi veðurfari og Kríusandur var í jafnvægi við umhverfið áður en hafnargerðin hófst. Hvað það er nákvæmlega sem orsakar landrofið er nokkuð sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen þarf að upplýsa og gera tillögur til úrbóta.

Höfundur er tæknifræðingur.

Vertu á nýjum Ford Focus
Deami: Ford Focus Wagon Trend 1,6 5 giru
Sumartilboð*
 Bilasamningur **20.865 kr.**
 Rekstrarleiga **35.950 kr.**



Veldu nýjan Ford

Nýtt tákni um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bíla-merki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bíla-merkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi**, TRACS spólvörn, öryggisþúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppið 1. sætið á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.



Ford Focus hefur hreppið 1. sætið á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.

Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.

Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

Kaupverð	5 giru	Sjálfskiptur
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6	1.790.000 kr.	1.884.000 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6	1.890.000 kr.	1.984.000 kr.
Ford Focus 4 dyra Trend 1,6	1.940.000 kr.	2.034.000 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6	1.990.000 kr.	2.084.000 kr.


Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest seldi bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleikastýrikerfi
- TRACS spólvörn
- Loftkæling
- Stíllanlegur hiti í framsætum
- Öryggisþúðar að framan
- Öryggisþúðar í hliðum
- Öryggisþúðagardínur
- ABS hmlakerfi
- EBD hmlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- Frjókornasía
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Rafstílltir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan (3d og 5d)
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjölstíllanlegt stýri
- Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
- Fjarstýring fyrir hljómtæki
- Aksturstölvá og útihitamælir

Hægt að fá aukalega:

- Bluetooth[®] fyrir síma
- AFS Halogen beygjuljós
- DVD spilari í lofti og skjár
- Fjöltengi fyrir heymartöl
- Kæling í hanskahófi
- Leiðsögukerfi með litaskjá
- 6 diska Sony hljómtæki
- Bakkskynjari
- Regnskynjari
- Leður- eða sportsæti
- Rafdrifíð ökumannssæti
- Raddstýring fyrir:
 - hljómtæki
 - síma
 - leiðsögukerfi
- Aðfellanlegir speglar
- Hitu fyrir alla framrúðuna
- Sólarvörn í framrúðu
- Sportfjöðrun
- Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnispegli
- Hraðastíllir
- Rafdrifin sölluga



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bíla-merki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bíla-merkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Nýttu þér sumartilboðin Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

<p>Ford Fiesta Trend 5 dyra 1,4i 5 giru* Kauverð 1.430.000 kr. Bilasamningur 14.970 kr. Rekstrarleiga 27.950 kr.</p>	<p>Ford Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 giru* Kauverð 1.570.000 kr. Bilasamningur 16.440 kr. Rekstrarleiga 29.980 kr.</p>	<p>Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 giru* Kauverð 1.890.000 kr. Bilasamningur 19.790 kr. Rekstrarleiga 34.930 kr.</p>	<p>Ford Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 giru* Kauverð 1.895.000 kr. Bilasamningur 19.840 kr. Rekstrarleiga 34.950 kr.</p>	<p>Ford Mondeo Ghia 5 dyra 2,0i 5 giru* Kauverð 2.440.000 kr. Bilasamningur 25.550 kr. Rekstrarleiga 44.940 kr.</p>	<p>Ford Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 giru* Kauverð 2.605.000 kr. Bilasamningur 27.280 kr. Rekstrarleiga 48.500 kr.</p>	<p>Ford Mustang Deluxe 3 dyra 4,0i V6 5 giru* Kauverð 2.860.000 kr. Bilasamningur 30.030 kr.</p>
<p>Ford Escape XLS 4x4 5 dyra 2,3i sjálfskiptur* Kauverð 2.810.000 kr. Bilasamningur 29.430 kr. Rekstrarleiga 52.700 kr.</p>	<p>Ford Freestyle SEL 4x4 7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur* Kauverð 3.960.000 kr. Bilasamningur 39.200 kr. Rekstrarleiga 68.300 kr.</p>	<p>Ford Explorer XLT Sport 4x4 5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur* Kauverð 4.190.000 kr. Bilasamningur 43.880 kr. Rekstrarleiga 79.600 kr.</p>	<p>Ford Expedition Eddie Bauer 4x4 8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur* Kauverð 5.160.000 kr. Bilasamningur 53.990 kr. Rekstrarleiga 102.500 kr.</p>	<p>Ford Ranger XL Crew Cab 4x4 4 dyra 2,5 turbo dísil 5 giru* Kauverð 2.370.000 kr. Bilasamningur 24.820 kr. Rekstrarleiga 43.900 kr.</p>	<p>Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4 4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur* Kauverð 2.960.000 kr. Bilasamningur 30.990 kr. Rekstrarleiga 56.700 kr.</p>	<p>Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4 4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur* Kauverð 4.128.000 kr. Bilasamningur 43.160 kr.</p>

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir

upp lánið á gamla bílinum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukni kaupverð háð gengi. Lán er bilasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustustærfrítt samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluáðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Allgelgur á Fiesta, Focus og Galaxy; samlitur á Escape; tvílitur á Ranger.



Vnr.49804102

Garðborð

Ál garðborð.

22.990

Vnr.49804100

Garðstóll

Ál garðstóll.

4.690

Vnr.49804101

Garðstóll

Ál garðstóll, með stillanlegu baki, samanbrjótanlegur.

6.990

17. JÚNÍ STJÚPUR

Vnr.55092000

17. júní stjúpur

Fallegar stjúpur, 20 stk. Fæst í BYKO Breidd, BYKO Hringraut og BYKO Selfossi.



hafðu það gott á pallinum

STÓRGLÆSILEG



Vnr.55095007

Blákorn

Blákorn, 5 kg.

395



Vnr.01230047

Trjákurli

Trjákurli í sekkjum, 400 kg.

13.590

10.200



Vnr.0291624/6

Blómaker

Blómaker úr ómeðhöndluðu greni. Stærðir: 300x300x300/380. Stærðir: 430x300x300/380.

Verð frá

1.890



Vnr.0251662

Undirstöður

Undirstöður fyrir fánastöng, 300 mm.

4.990



Vnr.74810100

Háprýstidæla

BOSCH AQUAT 100 háprýstidæla, 100 bör, 1400W, 330 ltr/klst. Þyngd 6 kg.

9.900

11.990

Vnr.53323026

Sláttutraktor

PARTNER sláttutraktor, með fjörgengis Briggs & Stratton Classic mótör, 11,5 hestöfl. Sláttubreidd 92 cm, rafstart.



169.000

189.000



Vnr.55600151

Stunguskófla

Lysbro stunguskófla.

2.990

3.699

Vnr.55600569

Kantskeri

Lysbro kantskeri.

2.290

2.990

**BYKO SELFOSSELDUR
UPP Á EINS ÁRS AFMÆLI
LAUGARDAGINN 11. JÚNÍ**

*hafðu það
gott*

Grillveisla verður á milli kl. 12-16 á laugardaginn. Einnig verða frábær tilboð í versluninni alla helgina.

**1
árs**

afmælisveisla

10.900

Vnr.88040050-4

Vönduð trampólín

Trampólín 2,4 m– 3,0 m.

Vnr.88040050 Trampólín, 2,4 m kr. **10.900**

Vnr.88040051 Öryggisnet, 2,4 m kr. **10.900**

**Bestu
BYKO
kaupin**

ÞAD BESTA SEM VIÐ BJÓÐUM

TILBOÐ Í BYKO!



Vnr.0297073
Fáni
Íslenski fáninn, margar stærðir.
5.900



Vnr.0297060
Fánastangir
Fánastangir, 6 m.
28.500
~~35.340~~

25%
afsláttur
af allri útimálningu
& viðarvörn



Vnr.0291917
Gardhús
Gardhús – Tvöföld huró, fluggalaust.
Stærð: 3,0x3,0 m = 9 m².
Bjálki: 34 mm.
149.900



Vnr.0291607
Fuglahús **790**
Fuglahús, WB004.

*hafðu það
gott
í sumar*



BYGGIR MEÐ ÞÉR

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 X.XXX -0,25%

Fjöldi viðskipta: 252
Velta: 3.253 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Flaga
HB Grandi
Kögun

-3,67%
-2,35%
-1,66%

MESTA LÆKKUN

↓ FL Group
Og fjarskipti
SÍF

1,33%
0,75%
0,20%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,10 -0,74% ... Atorka 6,00 - ... Bakkavör 35,20 - ... Burðarás 14,60 -1,02% ... FL Group 15,20 +1,33% ... Flaga 4,73 -3,67% ... Íslandsbanki 13,65 - ... KB banki 530,00 - ... Kögun 59,30 -1,66% ... Landsbankinn 16,80 - ... Marel 56,30 -0,88% ... Og fjarskipti 4,05 +0,75% ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,15 -1,62% ... Össur 78,00 -1,27%

viðskipti

Peningaskápurinn...

Makkarinn vinsæll

Einn ræðumanna á sjávarútvegsráðstefnu Íslandsbanka, sem haldin var í Álasundi, var Gary Johnson, yfirmaður hjá McDonald's hamborgarakeðjunni. Hann komst því miður ekki á staðinn þar sem hann var kallaður í kvíðdóm í máli Michael Jackson og gat því ekki yfirgefið Bandaríkin. En hlutunum var bjargað fyrir horn með því að Gary talaði við fundargesti beint af netinu. Gary sagði frá því að á Ólympíuleikumum í Apenu í fyrra hefði McDonald's séð um alla matsölu í Ólympíuþorpinu. Allt kapp var lagt á það að koma til móts við þarfir heimsklassa íþróttamanna. Boðið var upp á alls kyns salöt, jógúrt, pastarétti og drykki sem hæfðu íþróttafólkinu. Þegar á hólminn var komið voru það alls ekki



hinir „hollu“ réttir sem voru vinsælastir heldur franskir kartöflur, í fyrsta sæti, og „BigMac“ þar á eftir.

Pan Fish ris úr öskustónni

Norska laxeldisfyrirtækið Pan Fish heldur áfram að hækka með ótrúlegum hætti eftir að skipakóngurinn og glaumgösin John Fredriksen keypti um helmingshlut í félaginu á dögunum. Fredriksen, sem er ríkasti maður Noregs, er talinn vera líklegur til að sameina Pan Fish við Fjord Seafood eða önnur sambærileg laxeldisfyrirtæki. Hækkun gærdagsins var um tuttugu prósent og hefur félagið stokkið upp um fimmtíu prósent á einni viku. Þetta er náttúrulega góð vikuáðöxtun. Hins vegar ber að hafa það í huga að Pan Fish hefur lækkað um 99,5 prósent á síðustu þremur árum! Sá sem lagði inn 1.000 krónur í Pan Fish árið 2002 ætti nú fimm krónur. Pan Fish og önnur laxeldisfyrirtæki fóru illa út úr hruni á laxaverði á sínum tíma en nú er bjartara yfir.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Í gær var birt á vef Kauphallar Íslands skráningarlysing vegna fyrirhugaðrar skráningar Atlantic Petroleum á markað.

Í gær var skráð í Kauphöll Íslands lækun hlutafjár í Fiskeldi Eyjafjarðar en hlutfé félagsins lækkaði um 670 milljónir að nafnverði og er nú tæplega 170 milljónir að nafnverði.

Viðskiptahallinn í Bandaríkjunum jókst um tólf prósent milli apríl í ár og í fyrra. Viðskiptahallinn er meiri nú en í fyrra sem þó var met. Þetta kom fram í **Hálf fimm fréttum KB banka.**

FTSE vísitalan í Lundúnum hækkaði um 0,42 prósent í gær, Dax í Þýskalandi hækkaði um 0,51 prósent og Nikkei í Tókíó hækkaði um 1,28 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/LAUGARDUR



FRÁ AÐALFUNDI Hluthafar Sjóviku fara nú samanlagt með 33 prósent hlutfjár í Icelandic Group eftir sameiningu félaganna.

Hlutfjárhækkun skráð

Hluthafar Sjóvikur hafa fengið bréf sín í Icelandic Group eftir sameiningu SH og Sjóvikur.

Icelandic Group, sem áður hét SH, hefur lokið við að skrá hlutfjárhækkun í Kauphöll Íslands eftir sameiningu SH og Sjóvikur. Við sameininguna eignuðust hluthafar Sjóvikur samtals 33 prósent hlutfjár í Icelandic Group.

Stærstu hluthafar í Sjóvík voru Sund með tæp 37 prósent eignarhlut, félag Ólafs Ólafssonar í Keri með um 19 prósent og SÍF með rúm 12 prósent. Á móti hlut sínum í Sjóvík fá hluthafarnir bréf í Icelandic Group. Sund er með

rúm 12 prósent í Icelandic Group, Ólafur Ólafsson rúm sex prósent, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hann skipt þeim hlut niður á tvö félög. Annað þeirra heiti Fordace Limited og sé skráð fyrir 4,47 prósent hlutfé. SÍF fer með rúm fjögur prósent hlut.

Listi yfir tíu stærstu hluthafa Icelandic Group var birtur í gær. Fer Burðarás með tæp 21 prósent og Landsbankinn með rúm 18 prósent.

- bg

Góðar viðtökur í útboði

Forstjóri Mosaic Fashions segir viðtökur sýna að það hafi verið rétt ákvörðun að skrá félagið á Íslandi. Fjármálastjórinn segir Kauphöll Íslands heppilega fyrir félög sem teljast lítil á breskan mælikvarða.

Fjárfestar sóttust eftir að kaupa hlutabréf í Mosaic Fashion fyrir rúmlega tíu milljarða króna í útboði sem fór fram í gær. Þetta er tæplega nú sinnum hærri upphæð en í boði var.

Derek Lovelock, forstjóri Mosaic, var himinlifandi með viðtökurnar í gær. „Niðurstaðan sýnir að það var rétt ákvörðun hjá okkur að óska eftir skráningu hér á landi,“ segir hann. Samtals hefur selst hlutfé fyrir fimm milljarða, þar af fyrir 3,7 milljarða til fagfjárfesta en meðal þeirra var umfram eftirspurn fjórfjöld.

Þar sem umfram eftirspurnin var svo mikil munu fjárfestar ekki fá að kaupa fyrir þá upphæð sem þeir sóttust eftir. Enginn fær að kaupa nema fyrir helming af því sem beðið var um og sett verður nýtt hámark svo enginn fær að kaupa fyrir meira en átta hundruð þúsund krónur.

Lovelock segir það hafa vakið athygli í Bretlandi að félagið hafi ákveðið að sækja um skráningu á Íslandi. „Það kæmi ekki á óvart ef fleiri skoða þann möguleika í kjölfarið á þessu,“ segir hann. Hann bendir á að upplýsingaskylda í Kauphöll Íslands sé sist minni en í Lundúnum en þar þarf að gera grein fyrir afkomu félaga tvisvar á ári en hér á landi þurfa skráð félög



ANÆGÐIR MEÐ VIÐTÖKUR ÍSLENDINGA Derrick Lovelock, forstjóri Mosaic, og Richard Glanville, fjármálastjóri (t.v.), voru mjög ánægðir með þá miklu eftirspurn sem var eftir bréfum í tiskufyrirtækinu Mosaic Fashion.

að gefa út reikninga fjórum sinnum á ári.

Richard Glanville fjármálastjóri mun því þurfa að koma til landsins að minnsta kosti ársfjórðungslega til að kynna uppgjör en að öðru leyti verður starfsemin áfram með höfuðstöðvar í Lundúnum. Glanville segir ákvörðunina um að skrá félagið hér á landi meðal annars hafa verið tekna vegna þess að Baugur Group er stærsti hluthafinn í félaginu. „Viðtökur

sýna að þetta var góð ákvörðun. Kauphöllin í Lundúnum er ef til sú besta í heimi fyrir stór fyrirtæki en um lítil fyrirtæki eins og okkar gildir ekki endilega hið sama,“ segir Richard.

Viðskipti með bréfin hefjast í Kauphöll Íslands þann 21. júní næstkomandi og er gert ráð fyrir að greiningardeildir bankanna muni gefa út mat á verðmæti félagsins á næstunni.

thkjart@frettabladid.is

Velkomin á

Menntasvið Reykjavíkurborgar!

Þann 1. júní 2005 tók nýtt Menntasvið Reykjavíkurborgar við af Leikskólum Reykjavíkur og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur



Skrifstofa Menntasviðs er að Fríkirkjuvegi 1 (Miðbæjarskólanum).

Þar eru: Fagskrifstofur leik- og grunnskóla

Fjármálastjórnun, bókhalds- og launaþjónusta leik- og grunnskóla og innheimta leikskólagjalda

Starfsmannaþjónusta leik- og grunnskóla

Upplýsingatæknipjónusta leik- og grunnskóla

Skrifstofa sviðsstjóra (afgreiðsla, upplýsingadeild og gagnadeild)

Á sama tíma fluttist ýmis fagleg þjónusta, s.s. leikskólaráðgjöf, kennsluráðgjöf, sálfræðileg þjónusta og innritun í leikskóla yfir á þjónustumiðstöðvar í hverfum sem eru staðsettar í:

Vesturbæ: Vesturgarði, Hjarðarhaga 45-47

Laugardal/Háaleiti: Síðumúla 39

Breiðholti: Álfabakka 12

Árbæ/Grafarholti: Bæjarhálsi 1

Miðborg/Hlíðum: Skúlagötu 21

Grafarvogi/Kjalarnesi: Miðgarði, Langarima 21

Auglýsingastofa Guðrunar Önu

Meiri verðbólga

Neysluverðsvísitalan hækkað um 0,7 prósent milli mánaða en búist var við miklu minni hækkun.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,71 prósent í maí. Þetta kemur fram á vef greiningardeildar Íslandsbanka. Áður hafði verið spáð um 0,3 prósent hækkun.

Segir Íslandsbanki að spáskekkjan skýrist af mikilli verðhækkun matar- og drykkjarvara og að vænta megi frekari áhrifa í þessa átt á næstunni.

Áð sögn Ingvars Arnarsonar, sérfræðings á greiningardeild Íslandsbanka, kemur hækkunin ekki á óvart þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir henni í þessari mælingu. „Hækkunin liggur fyrst og fremst í því að matur og

drykkur eru að hækka og það er að ganga til baka lækkun að hluta, lækkun sem hafði átt sér stað meðal annars vegna verðstriðs á matvörumarkaði,“ segir Ingvar. Hann segir að hækkunin breyti litlu sem engu um verðbólguhorfur til langs tíma.

Að hans mati gefur hækkun vísitölunnar nú ekki tilefni til endurskoðunar á vaxtaákvörðunum Seðlabankans enda sé hætta á verðbólgu aðallega bundin við næsta ár.

Húsnæðisverð hækkaði verulega í mánuðinum, en þó í takt við spár.

- jsk/- þk

Vilja fá hærra verð

Lágmarksverð Lithuanian Airlines rúmar 200 milljónir króna.

Einkavæðingarnefnd í Litháen, sem vinnur að sölu á ríkisflugfélaginu Lithuanian Airlines, gaf öllum bjóðendum í félagið frest til 15. júní til að hækka tilboð sín. Fjórir buðu í félagið og var Pálmi Haraldsson í Feng einn þeirra. Samkvæmt frétt Bloomberg eru aðrir bjóðendur frá Litháen.

Bloomberg hefur eftir embættismönnum í Litháen að lágmarksverð fyrir flugfélagið sé rúmar tvö hundruð milljónir króna. Gerð er sú krafa að kaupendurnir endurnýi flugflotann fyrir álika upphæð næstu tvö árin verði af kaupunum. Ekki

fékkst uppgefið hversu há tilboðin fjögur hljóðuðu.

Lithuanian Airlines flýgur frá höfuðborginni Vilnius til sextán áfangastaða í Evrópu allan ársins hring og notar til þess nýu flugvélar.

Í fyrra nam taprekstur félagsins um 200 milljónum króna, en lítilsháttar hagnaður var af starfseminni árið áður.

- bg



PÁLMI HARALDSSON Býður í litháenskt ríkisflugfélag.



HB GRANDI, SÍF OG JARÐBORANIR KOMA NÝ Í ICEX-15 Vægi nýrra félaga í Úrvalsvísitölunni er 3,4 prósent.

Ný félög í Úrvalsvísitölu

Atorka Group og Og Vodafone eru ekki gjaldgeng í Úrvalsvísitölunni þar sem félögin uppfylltu ekki skilyrðu um að birta allar fréttir á ensku.

HB Grandi, SÍF og Jarðboranir koma inn í Úrvalsvísitöluna frá fyrsta júlí og koma í stað Atorku Group og Og Vodafone. Samherji var einnig í Úrvalsvísitölunni en félagið mun hverfa af markaði innan skamms.

Íslandsbanki, KB banki og Íslandsbanki vega sem fyrr mjög þungt í Úrvalsvísitölunni og var vægi þeirra samtals 66 prósent af Úrvalsvísitölunni þann 31. maí síðastliðinn.

- dh



EIGN ÍSLENDINGA ERLENDIS Erlendar eignir þjóðarinnar hafa nær þrefaldast á þremur árum.

Erlendar eignir aukast

Eignir Íslendinga erlendis námu í mars síðastliðnum 1.172 milljörðum króna og hafa nær þrefaldast á þremur árum. Skýrist þessi eignaukning að miklu leyti af útrás íslenskra fyrirtækja, segir á vef greiningardeildar Íslandsbanka.

Íslendingar hafa fjárfest mikið undanfarið í matvæla- og lyfjaiðnaði og fjármálaþjónustu erlendis og var þeir fjárfesting erlendis 275 milljarðar í lok mars, sem er um þriðjungur af áætlaðri landsframleiðslu ársins 2005.

Íslandsbanki segir þó ekki einungis beinar erlendar fjárfestingar aukast heldur hafi Íslendingar einnig fjárfest talsvert í erlendum markaðsverðbréfum. Námu þær eignir 341 milljarði króna í mars síðastliðnum.

- jsk



Actavis Group hf. Hlutfjárútboð til forgangsrétthafa

Áskriftartímabil 15. til 23. júní 2005

Tilgangur útboðs

Hinn 20. maí 2005 undirritaði Actavis Group hf. (Actavis) samning um kaup á bandaríska fyrirtækinu Amide Holdings Inc. (Amide) sem er eignarhaldsfélag um samheitalyfjafyrirtækið Amide Pharmaceuticals Inc. Tilgangur útboðsins er að fjármagna hluta af kaupverðinu.

Fjárhæð útboðs

Stjórn Actavis Group hf. hefur samþykkt að auka hlutfé skv. heimild aðalfundar félagsins 31. mars 2005 um 344.864.993 hluti sem seldir verða forgangsréttarhöfum. Ákvörðun var einnig tekin um sölu á 198.613.449 eigin hlutum. Samtals verða því boðnir 543.478.442 eigin hlutir og nýir hlutir.

Fyrirkomulag og skilmálar sölu

Verð í útboðinu er 38,5 krónur á hlut.

Hluthöfum er heimilt að skrá áskrift sína í réttu hlutfalli við hlutfjáreign eins og hún var skráð í hlutaskrá félagsins við lok viðskipta í Kauphöll Íslands 3. júní 2005. Hluthöfum er heimilt að skrá sig fyrir fleiri hlutum en þeir eiga hlutfallslegan rétt til.

Hluthafar geta framselt forgangsrétt sinn í útboðinu að nokkru eða öllu leyti. Nýti einhverjir hluthafar ekki rétt sinn að fullu eða framselji hann ekki að fullu, skiptast þeir hlutir sem eftir standa á milli hluthafa sem hafa skráð sig fyrir fleiri hlutum en hlutfallslegur réttur þeirra er. Ef umframáskrift verður í útboðinu verður skiptingin milli hluthafa, sem hafa skráð sig fyrir fleiri hlutum en hlutfallslegur réttur þeirra er, innbyrðis hlutfallsleg miðað við hlutfjáreign samtæmt hlutaskrá við lok viðskipta í Kauphöll Íslands 3. júní 2005. Fjöldi hluta sem úthlutað verður til hluthafa sem hefur skráð sig fyrir hærri fjárhæð en hlutfallslegur réttur hans var, getur því verið lægri en áskrift hluthafans var. Réttur til umframáskriftar er ekki framseljanlegur.

Hluthafar geta skráð áskrift sína á vefsíðu Íslandsbanka, www.isb.is frá kl. 10.00 15. júní 2005 til kl. 16.00 23. júní 2005.

Notandanafn og veflykill eru nauðsynleg til að geta skráð áskrift. Upplýsingar um hvort tveggja hefur verið sent hluthöfum í bréfi.

Áskrift og/eða framsal hluta er bindandi fyrir hluthafa við samþykki á skráningu og/eða framsal á hlutum á skráningarsíðunni. Rafræn staðfesting á skráðri áskrift er forsenda þess að áskriftin sé tekin gild. Staðfesting birtist að lokinni skráningu og getur áskrifandi prentað hana út og/eða fengið hana senda með tölvupósti.

Þeir hluthafar sem ekki hafa aðgang að netinu eða lenda í vandræðum með skráningu, geta hringt í Verðbréfavakt Íslandsbanka í síma 440 4920 milli kl. 9.00 og 17.00 virka daga á áskriftartímabilinu. Hluthafar geta einnig leitað aðstoðar í útibúum Íslandsbanka hf. á meðan áskriftartímabil stendur yfir. Þeir sem hringja inn til að skrá áskrift sína fá senda staðfestingu á áskrift með tölvupósti eða pósti, hvort sem þeir velja. Ekki verður tekið við áskriftum með öðrum hætti en hér hefur verið lýst.

Niðurstaða útboðsins verður birt opinberlega á vefsíðu Kauphallar Íslands hf., <http://news.icex.is>, fyrir kl. 10.00 24. júní 2005. Hluthafar geta, frá og með 25. júní 2005, nálgast upplýsingar um úthlutun í útboðinu inni á sömu vefsíðu og skráning fer fram.

Greiðsla

Greiðsluseðlar verða sendir til hluthafa eigi síðar en 27. júní 2005. Gjaldþagi greiðsluseðla vegna hlutfjárkaupa er 30. júní 2005. Berist greiðsla ekki tímanlega og með réttum hætti má innheimta skuldina á þann veg sem lög heimila. Í stað þess að grípa til innheimtuaðgerða hefur Actavis einhliða heimild til að fella ógreiddar áskriftir niður og ráðstafa þeim til þriðja aðila í samræmi við lög númer 2/1995 um hlutfafelög.

Afhending hluta

Nýju hlutirnir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Þegar hlutirnir hafa verið útgefnir hjá Verðbréfaskráningu Íslands, verða þeir afhentir til hluthafa daginn eftir að rétt greiðsla hefur borist fyrir hlutina.

Áætlað er að afhending hlutanna fari fram í síðasta lagi 7. júlí 2005.

Útboðs- og skráningarlýsing

Útboðs- og skráningarlýsingu má nálgast hjá útgefanda og umsýjaraðila og á vefsíðum þeirra:

Actavis hf., Reykjavíkurvegi 76-78, 220 Hafnarfirði, sími 535 2300, www.actavis.com.

Íslandsbanki hf., Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 440 4000, www.isb.is, actavisutbod2005@isb.is.



ÍSLANDBANKI

UMMÆLI VIKUNNAR

„Mér finnst hann [Björgólfur Guðmundsson] fara niður á dálftið lágt plan þegar hann er að reyna að líkja Landsbankanum við Framsóknarflokkinn.“

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra í Blaðinu, föstudaginn 10. júní.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Af heimasíðunni

Faðir okkar allra

„Allt bendir til þess að forsætisráðherra hafi brotið stjórnsýslulög og blandað enn einu sinni saman hagsmunum fjölskyldu sinnar og þjóðarinnar.“

Sigurjón Þórðarson á heimasíðu sinni althingi.is/sigurjon

Og enn höldum við áfram að spóla

„Hin slaka staða þorskstofnsins hér við land er mikið áhyggjuefni og í raun undrunarefni. Það liggur fyrir að okkur hefur ekkert miðað í 30 ár. Við erum að spóla í sama hjólfarinu.“

Einar K. Guðfinnsson á heimasíðu sinni ekg.is

Grey framsókn

„Gott dæmi eru auðvitað umræðurnar um bankamálin síðustu vikur. Þar hefur Sjálfstæðisflokknum með undra-

verðum spuna gegnum fjölmiðla tekist að klessa allri sök á Framsóknarmenn, og Halldór Ásgrímsson sérstaklega.“

Össur Skarphéðinsson á heimasíðu sinni ossur.hexia.net

Vinstri fót vantar mátt

„Ég hef því orðið að draga mig í hlé um stundar sakir og gæta þess að bakinu verði ekki ofgert svo sem ég virðist hafa gert of lengi. Framundan er sem sagt að taka lífinu með ró og hefja síðan skipulega þjálfun eftir að hafa tapað mætti í vinstri fæti.“

Sturla Böðvarsson á heimasíðu sinni sturla.is

Alþingi vel skúrað

„Í hverju málinu á fætur öðru í stjórnartíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa þingmenn meirihlutans,

með örfáum undantekningum, sýnt að þeir eru algjörar gólfuskur ráðherra. Það staðfestir rækilega að Alþingi er hrein og bein afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdavaldið.“

Jóhanna Sigurðardóttir á heimasíðu sinni althingi.is/johanna

Vilja Framsókn burt

„Um þessar mundir verður þjóðin vitni að einu ómerkilegasta lýðskrumi sem um getur. Forysta stjórnarandstöðunnar (með nokkrum fótgönguliðum) fer hamföllum í rögsherferð sinni, einkum gegn Halldóri Ásgrímssyni og Framsóknarflokknum. Tilgangur þessa er að hasla sér völl á miðju íslenskra stjórnmála – þar sem Framsóknarflokkurinn er fyrir.“

Hjálmar Árnason á heimasíðu sinni althingi.is/hjalmara

Ríkisvald með minnimáttarkennd.

Fyrir helgina vann Hjörleifur mál fyrir Hæstarétti sem margir telja að verði fordæmisgefandi fyrir umhverfisvernd og aðild almennings að ákvörðunum sem valdið geta spjöllum á náttúrunni ellegar mengun af mannavöldum. Jóhann Hauksson ræddi við Hjörleif Guttormsson.

Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, er umhverfisverndar- og útivistarmaður. Hann hefur skrifað firm og býsn um náttúru Íslands, einkum Austurland, en þaðan er hann og búsettur í Neskaupstað. Ný og vegleg árbók Ferðafélags Íslands 2005 er nánast öll eftir hann í máli og myndum, en hún fjallar um hans næstu heimabyggð, firðina, vikurnar og firnindin frá Reyðarfirði norður til Seyðisfjarðar.

Fyrir helgina vann Hjörleifur mál fyrir Hæstarétti sem margir telja að verði fordæmisgefandi fyrir umhverfisvernd og aðild almennings að ákvörðunum sem valdið geta spjöllum á náttúrunni ellegar mengun af mannavöldum. Að þessu leyti má ef til vill segja að Hjörleifur, sem stundum hefur verið úthrópaður í sínum landsfjórðungi, hafi nú fengið uppreisn æru með dómi hæstaréttar.

Hjörleifur og Atli Gíslason lögmaður hans höfðu að vísu sett fram margvíslegar aðrar kröfur sem hæstiréttur vísaði ýmist frá eða sýknaði ríkið eða stofnanir af. Hjörleifur hefur orðið:

Subbuleg vinnubrögð stjórnvalda

„Það er ávinningur að fá dóminn og niðurstaða fyrir dómstóli er um leið skýring á réttarreglum. Þarna

eru þær skýrðar með jákvæðum hætti að því er varðar kröfu mína um ógildingu á umhverfismati. Að fá slíka niðurstöðu frá æðsta dómstól í landinu er verulegur ávinningur fyrir umhverfisvernd. Ég tala nú ekki um eins og aðstæður eru í landinu nú þar sem menn eru að keyra áfram á færbandi risa-fyrirtæki í stóriðju. Að mínu viti er allt of lítið gert af því að láta reyna á dómstóla í sambandi við laga-túlkun. Þetta á sér meðal annars fjárhagslegar skýringar, því það er dýrt að reka mál fyrir dómstólum. Til þess þarf einbeittan vilja.“

En Hjörleifur vill vitanlega að áhrif ógildingar umhverfismatsins í hæstarétti hafi áhrif nú þegar. Stjórnvöld og bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð hafa lýst því að dómurinn hafi ekki áhrif á framkvæmdirnar við 322 þúsund tonna álver í Reyðarfirði. „Þessi viðbrögð koma mér að nokkru leyti á óvart og er ég þó reynslunni ríkari af samskiptum við stjórnvöld um árábil og þekki subbuleg vinnubrögð á þeim bæjum, því miður.“

Ég hélt hins vegar að menn vildu læra af reynslunni og vildu meta stöðuna yfirvegað áður en haldið væri áfram. Það blasir við að stjórnvaldið sem á að veita leiðsögnina gengur lengra en fyrir-tækið sem á hlut að máli í viðbrögðum við þessum dómi. Það er alveg ljóst að Alcoa vill fara að lögum og rétti í landinu. En stjórnvaldið, sem á að vaka yfir lögum og rétti og sjá til þess að eitt gangi yfir alla í þeim efnun, ætlar að skjóta skildi fyrir þetta óskabarn sitt.“

Röng skilaboð til Alcoa

„Ég vona að ýmsir læri af þessu máli,“ segir Hjörleifur. „Þetta hlýtur að örva menn til dáða, að láta reyna á túllkun laga og réttar þegar umhverfismál eru annars vegar. Það er afar mikil þörf á að það verði gert.“

Í öðru lagi vona ég að stjórnvöld



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON Dómurinn er mikilvægur sérstaklega þar sem verið er að keyra áfram á færbandi risafyrirtæki í stóriðju.

– hver sem þau eru – læri af þessu einnig. Ég er ekki í vafa um það að framkvæmdaaðilar, sem eiga fjárhagslega mikið undir, stórir og smáir, taka ekki allt gott og gilt, ekki heldur afgreiðslu sem er sögð í þeirra þágu en reynist svo ekki byggð á réttum lagagrunni eins og í þessu tilviki.

Lítum til Reyðarfjarðar. Í dómnum vakir sú niðurstaða og túlkun að í þessari framkvæmd hafi verið um að ræða verulega breytingu á framleiðsluferli verk-smiðjunnar frá því sem var í áformum Norsk Hydro, sérstaklega að því er varðar mengunar-

varnir en einnig að því er varðar útlit verksmiðjunnar. Þetta eru orð hæstaréttar í dómnum. Í ljósi þessa og í von um það að framkvæmdaaðilinn vilji bæta sitt ráð þarf væntalega að endurhanna sitthvað sem þarna á að setja upp. Og það er ekki ljóst hvað verður ofan á í þessu efni fyrr en nýtt umhverfismat liggur fyrir. Hér er um skýr efnisleg atriði að ræða sem varða þær framkvæmdir sem í gangi eru. Og það er óheyrilegt að stjórnvaldið, sá aðili sem á að vera vökumaður, skuli láta sem ekkert sé. Við stöndum hér frammi fyrir sögunni um gullasnann, asna klyfj-

aðan gulli. Skortur á fylgni við meginreglur, kæruleysið hjá valdamönnum í landinu er með þeim hætti nú um stundir að það hlýtur að blöskra fleirum en mér. Fjárhagslegir skammtímahagsmunir skulu ávallt ráða ferðinni.“

Fjárfestar treysta ekki undirlægju-hætti

„Forsendur ýmissa leyfa sem hvíla á gildu umhverfismati eru augljóslega brostnar. Vilji framkvæmdavaldið róa áfram í þessu grugguga vatni tekur það á sig mikla ábyrgð. Ég held að hjá Alcoa hljóti menn að hugsa sig um. Þeir eru með sýn til allra átta og fjárfestingar um allan heim. Alcoa gæti velt því fyrir sér í hvaða stöðu félagið sé komið hér á landi. Að þeir séu hugsanlega að fást við stjórnvöld sem ekki eru burðug til þess að veita eðlilega leiðsögn í stóru fjárfestingarmáli. Ég held að þetta hljóti að hafa áhrif á þeim bæ. Þeir hafa gefið um það yfirlýsingar að þeir vilji í öllu fylgja lögum og settum reglum og þá væntanlega líka alþjóðlega og til alþjóðlegra mála. Það er mikill misskilningur að halda það að í hnattvæddum heimi sé virðing borin fyrir þeim sem leggjast á fjóra fætur þegar kemur að því að nálgast fjárfesta. Þeir vilja fyrst og fremst vera á traustum undirstöðum í sínum fjárfestingum og framkvæmdaaformum. Og þeir bera ekki virðing fyrir fólki sem bukkar sig og beygir í staðinn fyrir að reisa eðlilegar kröfur. Það er ekki aðeins ríkisvaldið sem er haldið þessari minnimáttarkennd heldur er er hana einnig að finna á sveitarstjórnarstigunni. Þar eru menn haldnir þeirri blekkingu að hugsa ekki um hag íbúanna þegar kemur að hollustu og heilsu. Það hefur ekki komið orð frá sveitarstjórn Fjarðarbyggðar til að greina og tryggja frumhagsmunir íbúanna sem eiga að búa þarna um áratugi. Bara stimpill og bruna svo áfram í blindni.“ ■



Bláalónsprautin á fjallahjólum – sunnudaginn 12. júní

Hjólað verður frá Hafnarfirði að Bláa Lóninu og hægt að velja um 60 eða 70 km leið. Lagt af stað frá íþróttahúsinu við Strandgötu kl. 10.00.

Skráning við íþróttahúsið Strandgötu milli kl. 8.00 og 9.30.

Keppnisgjald er 2500 kr.

Hjól verða flutt til baka án endurgjalds. Rúta til Hafnarfjarðar gegn gjaldi.

Bolur merktur keppninni og aðgangur í Bláa Lónið er innifalið í skráningargjaldinu.

Nánari upplýsingar á www.hfr.is.



Góðir straumar í 40 ár

Fjölskylduhátíð

SPRON

við Esjurætur – sunnudaginn 12. júní



Benedikt búalfur og félagar
skemmta börnunum!



HAGKAUP



Svali



Komdu á fjölskylduhátíð SPRON við Mógilsá á sunnudaginn. Fjölmargt verður til skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Benedikt búalfur og félagar skemmta börnunum, boðið verður upp á Esjugöngur við allra hæfi, skoðunarferðir um skóginn og lífríki hans, veitingar og fleira.

Hátíðin er helguð útivist og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Allir velkomnir!

Dagskrá

10.00–13.00

Ganga um Laufskörð með leiðsögn – fyrir vant göngufólk. Nokkru ofan Gljúfrasteins er beygt til vinstri inn á veg merktan Hrafnhólum. Ekið þann veg á enda og yfir Leirvogsá.

12.00–12.45

Skráning í Esjukapphlaup.

13.00

Fjölskylduhátíðin sett Ræst í Esjukapphlaupið (upp á Þverfellshorn). Skemmtiatriði með Benedikt búálfi.

13.20

Ganga á Þverfellshorn og Öxl undir leiðsögn Haraldar Arnar Ólafssonar, fararstjóra hjá FÍ, auk annarra. Skógurinn og lífríki hans. Skógar- og fræðsluferð með Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

13.30–16.00

Benedikt búalfur og félagar, hoppkastali, veitingar (ís, drykkir, sælgæti).

14.30

Skógurinn og lífríki hans. Skógar- og fræðsluferð með Skógræktarfélagi Reykjavíkur.

15.00

Verðlaunaafhending fyrir Esjukapphlaupið.

16.00

Fjölskylduhátíð slitið.

www.spron.is

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

JOHN WAYNE (1907-1979)
lést þennan dag.



„Talaðu lágt og hægt og ekki of mikið.“

– John Wayne var bandarískur kvikmyndaleikari. Hann er hvað þekktastur er fyrir hlutverk sín sem harðsviðaður kúreki.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Flóttinn frá Alcatraz

Þennan dag árið 1962 tókst þremur mönnum að sleppa úr hinu illræmda fangelsi Alcatraz í Bandaríkjunum. Mennirnir gufuðu upp og aldrei spurðist til þeirra síðan.

Þótt sumir telji að um sé að ræða best heppnaðasta flóttana frá fangelsinu, er mun líklegra að þeir hafi druknað í köldu vatni San Francisco-flóa. Fjórum dögum eftir flóttann fannst taska í flóanum með ljósmyndum sem tilheyrðu einum fanganum. Fangarnir byrjuðu á því að nota eldhús-

Adolf Ingi: Þröngur með skáröndum. Maður sér bara fyrir sér Bjarna Guðmunds skeiða á vellinum. Þessi er klassískur, mjög fallegur. Einfaldur og stílhreinn, flott hálsmál. Og ekkert verra fyrir stelpurnar að hann sé þröngur svo þær geti séð hvernig strákarnir eru vaxnir. Þessi er fallegastur. Það vantar bara að sjá stuttu buxurnar. En hann er virkilega flottur þessi.

Ragnheiður Guðfinna: Mér finnst hann alveg mergjaður, svakalega flottur. Ég myndi segja að þetta

væri flottasti búningurinn. Kannski aðeins of þröngur á módelinu. Þetta er svo sjúklega þröngt. Mér finnst flott að hafa þá aðsníðna en ekki of. Maður vill ekki sjá allar fellingar sem eru til. Rendurnar koma vel út, mjög flott samsetning. Þetta er að koma aftur í tisku. En merkingarnar á ermum skemma.

Arnar Gauti: Mér finnst hann mjög flottur. Hann er svolítið gamaldags, í retró stíl. Þröngur og flottur. Þessi búningur er númer 2 hjá mér.



| HM 1986 |



| EM 2004 – núverandi búningur |

Umdeildar rassamerkingar

Adolf Ingi: Þessi er nýtískulegur og smart en mér finnst hann bara of útataður í auglýsingum. Þar að auki finnst mér óviðeigandi að landsliðsmenn séu með fyrirtæki á rassinum. Svolitill subbuskapur, allar þessar auglýsingar.

Ragnheiður Guðfinna: Mér finnst hann bara flottur. Voðalega krúttlegar þessar rassamerkingar. Fyrirtækið sem fær

merkingu þarna aftan á er alla veganna heppið. En mér finnst of mikið af merkingum á bolnum. Litasamsetningin er góð, blár er alltaf flottur litur í sambland við hvítt.

Arnar Gauti: Þetta er langflottasti búningurinn. Mér finnst bara flott snið á buxunum, flott snið á búningnum. Það vantar samt rauðan í þetta.



| ÓL 1984 |

Retró snilld með mjóu mitti

Adolf Ingi: Þarna er náttúrulega bara hrein og tær snilld á ferðinni. Hvítur og þröngur Hummel búningur. Snilld hönnunarlega séð. Guðmundur Guðmundsson og Þorgils Óttar Mathiesen koma upp í hugann. Já, þetta er náttúrulega bara ódauðleg snilld. Sjáðu hvað hann leggur mikla áherslu á mjótt mittið. Þröngur og flottur, eitthvað fyrir stelpurnar að sjá. Og með dönsku Hummel rendurnar, þessi er æðislegur. Það er líka bara ein auglýsing.

Ragnheiður Guðfinna: Hann glansar svo svakalega þessi, maður þarf að setja á sig sólgleraugu. Og númerið er allt of stórt að framan og aftan. Mér fannst þessi búningur ekkert sérstakur.

Arnar Gauti: Mér finnst þessi svolítið flottur. Svolítið retró yfirbragð. Mér finnst flott að hafa hann svona þröngan. Flottasti fótballabúningurinn er einmitt ítalski búningurinn, hann er svona níðþröngur. Þeir eru fullir af egóí Ítalarnir og búningurinn náttúrulega er það, eins og þessi. Þetta er rosalega handboltalegur búningur, Hummel og rendur. Svolítið flott líka Icelandair lögóid, mjög smart miðað við 10-11 lögóid. Flottur í heild.

Tískuslys eða klassísk snilld

Adolf Ingi: Þetta er náttúrulega bara klassísk snilld, ekkert annað. Hreint og tært. Maður sér Kristján Arason og Sigurð Gunnarsson fyrir sér, þetta er frá þeim tíma þegar hetjur riðu um héruð. Flottasti búningurinn.

Ragnheiður Guðfinna: Buxurnar eru alveg „hilarious“, alltof stuttar! Ef ég tala fyrir hönd allra kvenna þá er ég mjög ánægð með þetta að vissu leyti, að hafa þær svona stuttar. Það sést vel í fótleggina. Þetta er eins og að sjá Jane Fonda í gömlu eróbikk myndböndunum. En buxurnar eru samt tískuslys. Bolurinn er alveg í lagi, blái liturinn er fín.

Arnar Gauti: Þetta er bara ljótur búningur. Þetta er greinilega svona 1980 típa og tiskan þá var bara ekki góð. Langt frá því að vera sexí. Þetta var bara ekki gott tímabil í neinu. Buxurnar eru svona eins og leikfimisfötin í gamla daga. Hentar vel fyrir stelpur í blaki.

| ÓL 1988 |

Meinlaust grey

Adolf Ingi: Hann er svona...ósköp „dull“. Hann gerir ekkert fyrir mig. Mér finnst hálsmálið ekkert smart. En hann er meinlaus, hvorki ljótur né fallegur.

Ragnheiður Guðfinna: Það er bara eiginlega „no comment“. Hann er svo ofsalega „plain“, það er ekkert sem vekur áhuga minn á honum.

Arnar Gauti: Ég skil ekki af hverju hann er rauður. Asnalegt að hafa hann ekki bláan í grunninn. Annars er þetta bara allt í lagi.



Sumarnámskeið í dönsku talmáli

ætlað 9-10 ára börnum verður í Norræna húsinu 20.-23. júní nk.

Gert er ráð fyrir tveimur hópum

A) kl. 09:00-12:00 og B) kl. 13:00-16:00

Kennarar: Lisa María Kristjánsdóttir, B.ed. og Casper Vilhelmsen, B.ed

Námskeiðsgjald kr. 5.000

Skráning í Norræna húsinu hjá Ingibjörgu Björnsdóttur, s.5517030 eða í tölvupósti agni@nordice.is

www.nordice.is

Púkalegt snið

Adolf Ingi: Þessi nálgast það að vera jafnljótur og hinn. Ég vona að það sé búið að taka leyfið af hönnuðinum sem bjó þetta til. Gamli skátahöfðingjar segja að það eigi ekki að vanvirða íslenska fánann en það liggur við að það sé gert þarna, þegar honum er smeltt svona á hliðina. Þetta er ljótt, bara ljótt.

Ragnheiður Guðfinna: Hann er náttúrulega bara alltof víður. Í rauninni bara algjörlega úr

sniðinu. Svolítið púkalegur, of síður og víður. Maður sér engan brjóstkassa, eins og kvenmenn vilja sjá. En aftur á móti finnst mér litirnir flottir, góð samsetning á íslensku fánalitunum.

Arnar Gauti: Gaman að sjá fánalitina en ljót hönnun og ljótt snið. Þessi er bara alltof víður, alla veganna á þessu módeli.



| HM 1995 |



FRIDARLEIKAR 1987

Ljótí andarunginn

Adolf Ingi: Hörmung, líklega ljótasti landliðsbúningur „forever“. Í fyrsta lagi er Abba auglýsingin náttúrulega alveg fáránlega ljót, svo er hálsmálið líka ljótt. Þetta er bara ekki klæðilegt. Ég er guðs lifandi feginn að við notum þetta ekki lengur.

Ragnheiður Guðfinna: Þetta er annað tískuslys. Hvítu kraginn gerði útslagið.

Arnar Gauti: Hvað stendur á þessu? Þetta er einkennilegur búningur. Ég skil ekki einu sinni hvað stendur framan á honum. Þetta er bara ljótasti búningur sem ég hef séð.



EM 2002

Leiðinlegi einfaldningurinn

Adolf Ingi: Búningurinn tengist góðum minningum. Ákaflega karlmannlegur, enda tröll eins og Sigfús Sigurðsson sem hafa klæðst þessum búningi. Hann er svona einfaldur og allt í lagi. Svolítið töff buxurnar. Hann Vignir er flottur í þessu.

Ragnheiður Guðfinna: Svolítið týpískur búningur. Of hlaðinn af merkingum. Eg er ekki alveg nógu hrifin af honum vegna þess að hann er rauður, ég er hrifnari af bláum.

Arnar Gauti: Hann er rosalega „plain“. Frekar einfaldur búningur sem gerir ekkert.



KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!

Hér & nú

www.toyota.is

Pláss fyrir fleiri ævintýri



COROLLA WAGON. Fjölskyldubíll með ferðaprá.

Corolla Wagon er freistandi kostur fyrir fólk sem langar bæði til að njóta lífsins í borginni og ferðast á eigin vegum. Hönnunin er stílhrein og gleður augað en ekkert er gefið eftir þegar kemur að notagildi. Innanrými er sérstaklega vel skipulagt með þægindi og nýtingu í huga og gefur mögu-

leika á miklu farangursrými. Corolla Wagon er sparneytinn og ríkulega hlaðinn staðalbúnaði.

Líttu inn, skoðuðu og reynsluaktu nýjum Corolla Wagon.

Verðlistaverð	1.849.000 kr.	Einkaleiga	34.200 kr.*
Tilboðsverð	1.756.000 kr.	Bílasamningur	21.060 kr.**

* pr. mán. Miðast við 36 mán. leigu og 136.000 kr. í tryggingafé.

** pr mán. Miðað við 84 mán. samning og 20% útborgun.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

Nýtt
vitlit!

HESTAR  MENN

HESTAR OG MENN ATHUGIÐ!

Höfum ríflega tvöfaldað rými verslunar okkar að Lynghálsi
og stóraukið vöruúrvalið með fjölda nýrra vörutegunda.

Af þessu tilefni bjóðum við ótal vörutegundir
á sérstöku tilboðsverði alla helgina!

**Top Reiter hnakkur
Sport 2000**

Tilboðs verð kr. 89.900,-
Verð áður kr. ~~119.900,-~~



20%
afsláttur
af öllum
reiðtygjun
og mólum

Kynning á nýja
Hrímnishnakkinum!



**Beisli að andvirði
kr. 9.500,-
fylgir öllum
Hrímnishnökkum!**




**Allur fatnaður frá Sonnenreiter
á sérstöku kynningarverði!**

*Stærri, glæsilegri
og fjölbreyttari verslun!*



**Skóbuxur með rennilás
Saga Collection**
Verð frá aðeins kr. 5.900,-



HESTAR & MENN

Lynghálsi 4 • Sími 567 3300 • www.hestarogmenn.is

Hrímnir



**Mountain Horse
úlpa Royal (2in1)**

Verð kr. 15.900,-
Verð áður kr. ~~19.900,-~~



Tap í úrslitaleikum

Kristján Helgason tapaði úrslitaleikum á Evrópumóti áhugamanna í snóker í gær fyrir Alex Borg frá Möltu. Kristján vann 2 ramma en Borg sjö en Kristján byrjaði úrslitaleikinn mjög illa. Kristján vann Mark Allen í undanúrslitum en Allen er núverandi heimsmeistari og fyrrum Evrópumeistari áhugamanna.

sport
sport@frettabladid.is

VALA FLOSADÓTTIR HÆTT Í STANGARSTÖKKINU: SÁTT VIÐ MÍNA ÁKVÖRÐUN

Hef gengið í gegnum margt á ferlinum

Fyrsti og eini kvenkyns íslenski íþróttamaðurinn til að komast á verðlaunapall Ólympíuleikanna hefur hætt keppni þótt hún sé ekki nema 27 ára gömul. Vala Flosadóttir stökk sig inn í hjórtu íslensku þjóðarinnar í Sídney árið 2000 er hún hafnaði í þriðja sæti í stangarstökkkeppninni



hún hafði leitt keppnina um tíma. Hæðin sem hún stökk var 4,50 – mesta hæð sem hún hafði stökkið og bætti hún aldrei þann árangur. Vala náði sér aldrei á strik eftir Ólympíuleikana í Sídney og náði ekki lágmarkinu fyrir leikana í Aþenu í fyrra.

„Ég get svo sem ekki sagt hvað tíminn hefur verið langur sem leiddi til þessa en ég er alla vega búin að taka ákvörðun um að hætta núna, það var bara kominn tími á það,“ sagði Vala í samtali við Fréttablaðið. „Ég er mjög sátt og líður virkilega vel. Þetta er eitthvað sem hefur gerst

hægt og rólega og þurfti ég á þessum tíma að halda.“

Þó svo að Vala hafi ekki náð að fylgja eftir þessu glæsilega árangri í Ástralíu er ferill hennar engu að síður stórglæsilegur. Hún varð Evrópumeistari og vann silfur á heimsmeistarumóti og tvíbætti heimsmeið innanhúss árið 1998. Og vitanlega bronsverðlaun á Ólympíuleikum. „Ég er eiginlega stoltari af ferlinum nú þegar ég er hætt. Ég byrjaði svo ung og var í rauninni hálfgerður óviti í íþróttum þegar ég vann á mínu fyrsta stórmóti. En ég hef gengið í gegnum margt og fengið að ferðast og hitta fólk sem ég hefði annars aldrei hitt. Ég er mjög þakklátt fyrir það.“

> Við þökkum ...

... Völu Flosadóttur fyrir góðu stundina sem hún hefur gefið íslensku þjóðinni í gegnum tíðina. Bronsstundin í Sydney þar sem hún varð fyrsta og eina íslenska konan til þess að vinna verðlaun á Ólympíuleikum mun lifa meðal okkar allra um ókomna tíð.

Takk fyrir allt Vala.



> Við vonumst eftir ...

... að FH-ingar verði heppnir í drættinum fyrir Evrópukeppni meistaraíða í sumar og dragist á móti Evrópumeisturum Liverpool. Möguleikinn er fyrir hendi í annarri umferð takist báðum liðum að komast áfram í gegnum 1. umferðina.



BESTUR Á VELLINUM Meistararnir í Detroit réðu ekkert við Manu Ginobili hjá Spurs í fyrsta leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Lokaúrslit NBA í fyrrinótt:

Spurs vann fyrsta leikinn

KÖRFUBOLTI. San Antonio Spurs vann nokkuð öruggan sigur á Detroit Pistons í fyrsta leik liðanna í lokaúrslitum NBA-deildarinnar í fyrrinótt, 84-69. Eins og tölurnar bera með sér var þetta mikill baráttuleikur tveggja bestu varnarliðanna í deildinni, en það var Argentínumaðurinn Manu Ginobili sem gerði gæfumuninn í sóknarleikum fyrir San Antonio.

Hann skoraði 15 af 26 stigum sínum í fjórða leikhlutunum með körfum í öllum regnbogans litum eins og honum einum er lagið og ljóst er að Pistons verða að finna svar við leik hans fljótlega ef ekki á illa að fara fyrir liðinu. Tim Duncan kom næstur með 24 stig og hirti 17 fráköst.

Chauncey Billups var stigahæstur í liði meistaranna með 25 stig, en félagar hans náðu sér aldrei á strik í sóknarleikum gegn stífri vörn San Antonio.

Fastlega má reikna með að leikmenn Pistons komi dyrvitlausir til leiks í næsta leik, sem verður háður á heimavelli Spurs eins og sá fyrsti, en þeir verða að laga vel til í sóknarleikum hjá sér ef þeir ætla ekki að fara austur aftur með 2-0 á bakinu. -bb

Birgir Leifur og Ólöf María:

Komust bæði áfram í gær

GOLF. Íslandsmeistarinn Ólöf María Jónsdóttir komst áfram í gegn um niðurskurðinn á opna franska meistaramótinu í golfi í gær, þegar hún lék annan hringinn á tveimur höggum yfir pari.

Fyrri daginn lék hún einnig á tveimur höggum undir pari og lauk því keppni í gær á fjórum yfir, sem nægði henni til áframhaldandi þátttöku á mótinu.

Birgir Leifur Hafþórsson komst einnig áfram á áskorendamótinu í Esbjerg í Danmörku, en hann lék annan hringinn á mótinu á fimm höggum yfir pari, sem nægði honum til áframhaldandi þátttöku, en slæm skilyrði voru á mótinu og því nægði honum að leika á átta höggum yfir pari til að komast áfram. -BB

Sjö sigrar í röð og 20 leikir án taps

FH-ingar taka á móti Þrótturum í Kaplakrika í dag. Það hefur verið ólíkt gengi hjá liðunum í upphafi móts enda skilja að 11 stig og 9 mörk eftir fyrstu fjórar umferðirnar. Framarar og Skagamenn verða líka að rífa sig upp eftir skelli í síðasta leik.

FÓTBOLTI FH-ingar eru á toppi Landsbankadeildarinnar ásamt Valmönnum með fullt hús eftir fyrstu fjórar umferðirnar. Deildin hefst að nýju í dag eftir 11 daga landsleikjahlé. Valsmenn fara til Keflavíkur á sunnudaginn en FH-ingar hefja leik í dag þegar þeir taka á móti Þrótturum í Kaplakrika. Í hinum leik dagsins taka Framarar á móti Skagamönnum en bæði liðin töpuðu illa í síðasta leik. Báðir leikirnir hefjast klukkan 14.00.

Það hefur verið ótrúleg sigurganga hjá FH-liðinu sem hefur nú unnið sjö deildarleiki í röð og enn fremur leikið 20 leiki í röð án þess að tapa leik. FH tapaði síðast stigum í 15.umferð í fyrra þegar

Skagamenn náðu 2-2 jafntefli í Krikanum. Hafnarfjarðarliðið hefur hins vegar ekki tapað leik síðan gegn Fylki í Árbænum 22. maí í fyrra. FH-liðið er enn nokkuð frá metum Valsmanna sem unnu 16 leiki í röð 1978 og léku 36 leiki án taps frá 1977-1979. FH-liðið getur hins vegar eins og Valsmenn orðið eitt af aðeins fjórum liðum í sögu tíu liða efstu deildar sem nær að vinna fimm fyrstu leiki sína. Valsmenn unnu 16 fyrstu leiki sína 1978, Skagamenn voru með fullt hús eftir 12 fyrstu leiki sína 1995 og tveimur árum síðar unnu Keflvíkingar sex fyrstu leiki sína.

8 leikir án sigurs

Þróttarar náði sínu fyrsta stigi í síðasta leik í 2-2 jafntefli við Keflavík en liðið tapaði fyrstu þremur leikjum tímabilsins. Þróttur náði líka aðeins einu stigi út úr fjórum síðustu leikjum sínum þegar þeir voru síðast í úrvalsdeildinni 2003 og hafa því leikið 8 leiki í röð án sigurs. Þegar Þróttarar heimsóttu FH-inga það sumar var þó allt annar gangur á liðinu en eftir 1-4 sigur Þróttara í Kaplakrika 5. júlí 2003 var liðið í 2. sæti deildarinnar. En Þróttur vann aðeins einn af síðustu níu leikjum sínum og hefur nú aðeins fengið 5 stig út úr síðustu 13 leikjum sínum í Landsbankadeildinni.

Skorar alltaf á heimavelli

FH-ingnum Tryggva Guðmundssyni mistókst að skora í leiknum á KR-velli og um leið var ljóst að met Arnars Gunnlaugs-sonar frá 1992-95 stendur áfram en Arnar skoraði þá í 11 deildarleikjum í röð. Tryggvi hafði skorað í sex síðustu leikjum sínum með ÍBV 1997 og þeim þremur fyrstu með FH-liðinu í sumar.



EKKI HÆGT AÐ BYRJA BETUR Ólafur Jóhannesson þjálfari FH-liðsins hefur ekki séð sína menn tapa deildarleik í meira en ár. Fréttablaðið/Hari

Tryggvi getur samt enn bætt við sitt eigið met en hann hefur nú skorað í 14 heimaleikjum í röð með liðum sínum í efstu deild á Íslandi. Tryggvi skoraði í öllum heimaleikjum sínum með ÍBV 1997 auk þeirra fjögurra síðustu árið á undan. Þá skoraði Tryggvi í fyrsta heimaleik sínum með FH einmitt gegn ÍBV.

Tvö ólík lið hjá Fram

Framarar hafa spilað sem tvö lið í sumar, annars vegar liðið sem spilar á heimavelli og hefur unnið báða leiki sína með markatölunni

6-0 og hins vegar liðið sem hefur farið stigalaust og með markatöluna 0-4 út úr tveimur leikjum sínum utan Laugardalsins. Framarar töpuðu síðasta leik 0-3 líkt og Skagamenn sem mæta í Dalinn í dag. Skagamenn töpuðu fyrir Val, 0-2, í eina útileik sumarsins til þessa en unnu 2 af 3 heimaleikjum sínum. Tapið gegn Fylki í síðustu umferð hefur örugglega hrist upp í herbúðum liðsins og það má búast við róttækum breytingum hjá Ólafi Þórðarsyni fyrir leikinn í dag.

ooj@frettabladid.is

Ameríski milljónamæringurinn Malcom Glazer er farinn að taka til hendinni á Old Trafford:

Aðdáendur United æfir vegna hækkunar á miðaverði

FÓTBOLTI Malcom Glazer, nýr meirihlutaeigandi í Manchester United, er strax farinn að ergja aðdáendur liðsins með afskiptum sínum af rekstri félagsins.

Spurst hefur út að miðaverð á úrvalsdeildarleiki á heimavellinum Old Trafford muni hækka úr 30 pundum í 46 pund á fimm árum. Þá hyggst Glazer einnig hækka miðaverð á meistaradeildarleiki um 25 prósent.

Þetta mælist afar illa fyrir hjá aðdáendum félagsins sem efast um að breytingarnar verði til þess að auka tekjur til félagsins. „Ég er ekki viss um að leikvangurinn verði fullur á móti Charlton eða Portsmouth á virkum degi, eins og hefur verið í mörg ár,“ segir Andy Mitten, einn af rit-

stjórum blaðsins United We Stand, sem er aðdáendablað stuðningsmanna Manchester United.

Malcom Glazer ætlar að freista þess að auka tekjur hjá félaginu umtalsvert fyrir árið 2010 og er hækkunin á miðaverðinu liður í því.

Margir aðdáenda félagsins efast um að þessi aðgerð muni verða til þess að meiri peningar skili sér í kassann hjá félaginu, þar sem þetta muni hafa fælandi áhrif á fólk. „Hvernig á eftir að ganga að fylla leikvanginn þegar aðdáendur snúa baki við félaginu á hverjum degi? Ég hef því miður ekki góða tilfinningu fyrir þessari þróun,“ sagði Nick Towle, forsvarsmaður hluthafafélags sem



STERK VIÐBRÖÐ Malcom Glaze, til hægri, er strax farinn að ergja aðdáendur liðsins með afskiptum sínum af rekstri félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

upphaflega var stofnað til þess koma í veg fyrir að Glazer næði undirtökum í félaginu. -mh



ÚR SPORTINU

Frönsku meistararnir í Lyon frá Frakklandi hafa neitað kauptilboði Chelsea í miðjumanninn **Michael Essien** og segja að hann hafi skrif- að undir fram- lengdan sam- ning við félagið til ársins 2009. **Essien** þessi hefur verið mjög eftirsóttur af liðum á Englandi, sem og víðar, en frönsku meistararnir eru ekki á þeim bux- unum að láta hann fara. „Við viljum halda leikmanninum hérna hjá okkur í lengstu lög og aðeins risa- tilboði í hann fær okkur til að skipta um skoðun,“ sagði **Gerard Houllier**, knattspyrnustjóri Lyon, sem vinnur hörðum höndum að því að fá **Milan Baros** til liðs við félagið þessa dagana.



Birmingham hefur gengið frá kaupum á finnska framherjan- um **Mikael Forsell** frá Chelsea og er kaupverðið talið vera um þrjár milljónir punda. Everton hafði lengi verið á höttunum eftir leikmannin- um, en talið er að þeir hafi hætt við að kaupa hann eft- ir að hann varð fyrir því óláni að meiðast á hné á dögnum. **Forsell** er öllum hnútum kunnugur hjá Birmingham, því hann átti frábært tímabil með liðinu í hitteðfyrri og skoraði þá 19 mörk fyrir þá þegar hann var þar á lánsamningi.

Manchester United hefur nú gengið formlega frá samningi sínum við hollenska markvörðinn **Edwin van der Saar** og hafa stað- fest kaup hans frá Ful- ham fyrir upphæð sem talin er vera í kring um 2,5 millj- ónir punda. Samningur- inn er til tveggja ára og mun taka gildi fyrsta júlí. „Ég er mjög spenntur fyrir að leika með Manchester United, enda eru þeir eitt vinsælasta knattspyrnufélag í heiminum. Ég get ekki beðið eftir að hitta nýju féлага mína í liðinu og mér sýnist sem næsta ár verði það mest spennandi á ferli mínum hingað til,“ sagði markvörðurinn.



Sprænski æfingaökumaðurinn **Pedro de la Rosa** náði bestum tíma á fyrstu æfingunni fyrir Montr- eal-kappaksturinn í formúlu eitt um helgina. McLaren liðið var í miklu stuði á æfingunni og **Kimi Räikkönen** var með þriðja besta tímann. **Michael Schumacher** náði fimmta besta tím- anum á æfingunni, en hann gerir sér eflaust ágætari vonir um að sigra í keppninni, því enginn hefur sigrað oft en hann í Montreal.

Daniel Levy, stjórnarformaður Tottenham Hotspurs, hefur gefið það út að félagið ætli ekki að fara í formlega málssókn á hendur Chelsea fyrir að standa ólöglega að því að fá yfir- mann knatt- spyrnumála hjá liðinu **Frank Arnesen** til liðs við sig. „Þó svo að við vitum að ef við förum með málið fyrir enska knattspyrnu- sambandið, myndi það örugglega hafa í för með sér að stig yrðu dregin af Chelsea, höfum við ákveðið að fara ekki þá leið í máli- nu, heldur ætlumst við til þess að Chelsea bæti okkur brothvarf hans að fullu,“ sagði **Levy** í gærkvöld, en liðin fundu nú stíft til að reyna að finna lausn á málinu, sem væntan- lega verður í formi peninga og af þeim virðist vera nóg hjá Chelsea.

Kanada-kappaksturinn í Formúlu eitt er á dagskránni um helgina:
Eykur Fernando Alonso forskotið sitt?

FORMÚLA 1 Um helgina heldur For- múlu 1 kappaksturinn áfram en keppt verður í Kanada. Spánverj- inn Fernando Alonso hjá Renault hefur tekið afgerandi forystu eft- ir að síðustu keppni lauk á draum- kenndan hátt fyrir hann. Hans helsti keppinautur, Kimi Räikkönen á Mercedes, var með örugga forystu uns bilun í hjóla- búnaði varð til þess að honum tókst ekki einu sinni að ljúka keppni og ná þannig í nokkur stig. Þess í stað tryggði Alonso sér stigin tíu og 32 stiga forystu á Räikkönen og Jarno Trulli, Toyota. „Það er mikið verk að vinna á mörgum sviðum,“ sagði Michael Schumacher, sem er 43 stigum á

eftir Alonso og hefur ekki fengið nema 16 stig og er í 8. sæti í keppni ökumanna. „Ég reyni alltaf að gera mitt besta en það er meira að segja ekki alltaf nóg,“ sagði Schumacher sem hefur þó ekki gefið titilvönir upp á bátinn. „Það er langur vegur frá því,“ sagði hann en Schumacher hefur ekki þurft að bíða jafn lengri eftir sigri og nú síðan 1993. Best í ár hefur hann náð 2. sætinu sem hann afrekaði í San Marínó. Austurríkismaðurinn Christian Klien mun taka ökuþórsseti Vit- antonio Liuzzi hjá Red Bull en ákveðið var fyrir tímabilið að þeir myndu deila með sér keppnum ársins.



FERNANDO ALONSO Hefur 32 stiga for- skot í stigakeppni ökumanna og er kominn vel á veg með að tryggja sér Heimsmeistaratalitilinn í fyrsta sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun LOKAÐ

Falleg garðhúsgögn úr gegnheilu tekki

ego dekor

Marlboro sett bekkur, borð og tveir stólar án sessu
Verð : 105.000.-
Verð nú á öllu settinu: **84.000.-**
Stakur bekkur: 31.200.-

Stækkanlegt borð (120cm x 120cm + 60cm) og sex stafanlegir stólar án sessu
Verð : 83.400.-
Verð nú: **66.720.-**

ego dekor

Átthyrnt borð (120cm x 120cm) og fjórir klappstólar án sessu
Verð : 43.500.-
Verð nú: **34.800.-**

Allar sessur eru með rennilás (auðvelt er að taka áklæðið af og má þvo á 50°)

HVAD? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

8 9 10 11 12 13 14

Laugardagur

LEIKIR

- 14.00 FH og Þróttur R. mætast í Kaplakrika í Landsbankadeild karla.
- 14.00 Fram og IA mætast í Laugardal í Landsbankadeild karla.
- 14.00 ÍBV og Valur mætast á Hásteinsvelli í Landsbankadeild karla.
- 14.00 Völsungur og Fjölnir spila á Húsavíkurvelli í 1. deild karla.
- 16.00 Haukar og Þór mætast á Haukavelli í 1. deild karla.

SJÓNVARP

- 15.00 EM í kvennaknattspyrnu á RÚV. Leikur Dana og Engendinga.
- 16.50 Formúla 1 á RÚV. Bein útsending frá tímátökunni í Kanada.
- 18.30 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.
- 19.00 NBA á Sýn.
- 22.20 Hnefaleikar á Sýn. Antonio Tarver gegn Glen Johnson.
- 23.25 Hnefaleikar á Sýn. Mike Tyson gegn Danny Williams.
- 01.00 Hnefaleikar á Sýn. Mike Tyson gegn Kevin McBride.

Liverpool fær að verja Evróputítillinn

Eggert Magnússon og félagar í framkvæmdarstjórn knattspyrnusambands Evrópu gáfu í gær grænt ljós á þátttöku Liverpool í Meistaradeild Evrópu í haust. Meistararnir byrja á sama stað og Íslandsmeistarar FH.

FÓTBOLTI „Þetta var afgreitt á símafundi í morgun sem stóð yfir í um klukkustund,“ sagði Eggert Magnússon. Ákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar var einróma, Liverpool fær að taka þátt í Meistaradeildinni á næsta keppnistímabili en þarf að taka þátt í forkeppninni. eru margir stuðningsmanna liðsins ósáttir við það, finnst það ekki sér sæmandi sem meisturum. En aðrir benda á að þeir geti yfir höfuð þakkað fyrir að fá að vera með.

Liverpool verður því fimmta enska liðið sem fær að taka þátt í Meistaradeildinni. Hin fjögur luku keppni í efstu fjórum sætum ensku úrvalseildarinnar í vor og fá því samkvæmt reglum enska knattspyrnusambandsins rétt til þátttöku. En þegar í ljós kom að Liverpool unnu keppnina vildu Engendingar ekki víkja liðinu sem varð í fjórða sæti, í þessu tilfelli Everton, og leituðu því á náðar UEFA. „Enska sambandið er búið að liggja á hnjúnum og biðja um að fá fimmta liðið inn,“ sagði Eggert.

Þegar Real Madrid vann



STEVEN GERRARD MEÐ BIKARINN Liverpool fær að taka þátt í Meistaradeildinni og því ólíklegt að Gerrard hafi ástæðu til að yfirgefa félagið en orðrómur þess efnis hefur verið lengi á kreiki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

keppnina 2001 voru þeir í sömu sporum og Liverpool, luku keppni í 5. sæti í deildinni. En þá lét spænska knattspyrnusambandið Real Zaragoza, sem urðu í fjórða sæti, víkja fyrir nýkrýndum Evrópumeisturum. En þökk sé vandræðnum nú hefur verið saminn klásúla sem segir að komi álíka staða upp aftur viki það lið sem lenti í neðsta sætinu í heimaland-

inu sem veitir þátttökurétt í Meistaradeildinni, ef nýkrýndir meistarar lenda neðar í deildinni.

Liverpool mun því að öllum líkindum aflýsa öllum æfingaleikjum á undirbúningstímabilinu en áætlað var að leika gegn Þýskum og japönskum liðum. Þess í stað mæta þeir liði frá einu af þeim 12 löndum sem eru metin veikust af þeim löndum sem senda lið til

keppni. Ísland er ekki eitt af þeim en ef FH-ingar, sem einnig mæta liði frá einu af löndunum 12, komast áfram í 2. umferð er möguleikinn fyrir hendi að dragast gegn Liverpool.

„Væri það bara ekki fínt,“ sagði Heimir Guðjónsson fyrirliði FH aðspurður um þá tilhugsun. „Það yrði allavega fullt á vellinum.“ eirikurst@frettabladid.is

Hundadagar

30%

afsláttur
af öllum hundarúmum
og ferðabúrum um helgina
Opið alla daga



DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is


Fjölskylduhátið á Hlíðarenda 15. júní:

Valsmenn kveðja kofann

ÍPRÓTTAFÉLÖG Valsmenn ætla að kveðja kofann sinn á Hlíðarenda á miðvikudaginn kemur og fagna því að framkvæmdir hefjist við ný íþróttamannvirki með því að halda allsherjar fjölskylduhátið.

Sérstök hátiðardagskrá fer einnig fram, þar sem tekin verður fyrsta skóflustungan að nýjum íþróttamannvirkjum og fjölúr gólfi íþróttahúss Vals verður fjarlægð og lögð til varðveislu. Í íþróttahúsi Vals verður haldinn kveðjuleikur þar sem meistarar-

flokkur Vals í handknattleik karla spreytir sig gegn gömlum kempum félagsins. Búið er við að leikmenn á borð við Geir Sveinsson, Valdimar Grímsson, Júlíus Jónasson og Guðmund Hrafnkelsson taki fram gömlu Valskóna en þeir Þorbjörn Jenson og Jóhann Birgisson munu stýra liðinu. Um kvöldið taka Valsmenn loks á móti FH í Landsbankadeild karla í knattspyrnu. Um er að ræða alvöru toppslag þar sem bæði lið standa vel að vígi á toppi deildarinnar.



HEFUR ÆFT BETUR EN NOKKRUM SINNUM FYRR Mike Tyson hefur hafið upphitun fyrir bardaga sinn við hinn írsku Kevin McBride. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYMGAES

Boxáhugamenn missa ekki af bardaga kvöldsins:

Tyson segist vera goðsögn

BOX Mike Tyson hefur upphitun fyrir bardaga sinn við hinn írsku Kevin McBride í kvöld eins og honum einum er lagið og í fyrradag gaf hann út hvernig hann hyggðist fara með hann í hringnum.

„Ég ætla að gera að honum eins og fiski,“ sagði Tyson. „Hann er eins og dós af tómötum og bardaginn á laugardaginn verður aúmyktaræfing af bestu gerð fyrir hann. Sumir kunna að kalla þennan bardaga sirkus, en ég er ekki sirkusmaður, ég er goðsögn,“ sagði Tyson, sem enn virðist hafa mikið aðdráttarafi sem boxari þótt árangurinn hafi verið misjafn undanfarið, því sala miða á viðburðinn hefur farið fram úr björtustu vonum.

„Ég er alþjóðleg ofurstjarna og ef fólk þekkir mig ekki, hlýtur

það að vera frá annarri plánetu,“ sagði Tyson.

Þjálfari hans gaf það út á dögunum að Tyson væri allur að róast og sagði hegðun hans á undanförunum mánuðum hafa verið til fyrirmyndar, en hann virðist þó enn vera með munninn fyrir neðan nefið þegar kemur að því að munnhöggvast við andstæðingana.


McBride er öllu rólegri í tíðinni fyrir bardagann, en segir að Tyson eigi ekki auðvelt kvöld í vöndum.

„Höggin mín verða högg frá öllu Írlandi. Ég hef æft betur en nokkru sinni áður og þetta er draumur að verða að veruleika fyrir mig. Ég vil sigra Mike Tyson og uppfylla drauma mína, sem eru að verða óumdeildur heimsmeistari í hnefaleikum.“ **-BB**

Í KVÖLD
KL. 1:00

TVSON

SNÝR AFTUR



FRAMUNDAN Í JÚNÍ

ÁLFUKEPPNIN
ÖLL STERKUSTU LANDSLIÐ HEIMS
BRASILÍA - GRIKKLAND
ÞÝSKALAND - ARGENTÍNA

NBA ÚRSLITIN
SPURS - PISTONS

U.S. OPEN
ALLIR BESTU KYLFINGAR HEIMS

LANDSBANKAÐEILDIN
FYLKIR - GRINDAVÍK
VALUR - FH
FH - ÍA

BOX
GLEN JOHNSON - ANTONIO TARVER
ARTURO GATTI - FLOYD MAYWEATHER

Komin í bíó!
Fylgstu með alla þessa viku

Mr. & Mrs. Smith



FM 957 gefur
1000
bíómiða
á sérstaka forsyningu
á laugardaginn
klukkan 17:30

FM
957

Sumarið er tíminn

STUÐ MILLI STRÍÐA · Metnaðarlaus Kvinnalaubb

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR ER EKKI STOLT YFIR ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT Í KVENNAHLAUPINU

MYND: HELG SIGURSSON



Ég er kona. Ég er hlaupari. Maður skyldi ætla að ég væri góður kandídat til að taka þátt í Kvinnahlaupinu sem fram fer í dag. Þetta hugsaði ég með mér þegar ég lofaði vinkonu minni að hlaupa með henni. Samstaða kvenna eða feminískar þælingar höfðu ekkert að segja við þá ákvörðun. Ég hélt einfaldlega að þetta yrði góð æfing fyrir The Real Thing - Reykjavíkumaraþonið. Ég keypti bolinn blessaðan í World Class í Laugum og þá áttaði ég mig á því að ég hálfpartinn skammaðist mín fyrir að hlaupa í Kvinnahlaupinu. Þarna var ég í

musteri líkamsræktarinnar, hvíslandi að afgreiðslukonunni að ég vildi bol í „small“. Kvinnahlaupið er nefnilega ekki fyrir þá sem taka líkamsræktina alvarlega. Það er iengin tímataka og engin keppni, heldur er aðalatriðið að vera með, í segir framkvæmdastjórinn í nýjasta Birtu-blaðinu. Engar viðurkenningar eru veittar og allir fá verðlaunapening! „Ganga eða skokka - á þínum hraða“ segja auglýsingarnar, til að hvetja sem flestar konur með barnavagna, lítil börn, gamlar konur sem hlaupa ekki og konur í slæmu formi til að mæta og taka þátt í tveggja kílómetra labbinu.

Auðvitað er aðáunarvert að hvetja konur sem hreyfa sig lítið að

taka þátt og því er nauðsynlegt að hafa styttri vegalengdir, eins og skemmtiskokkið í Reykjavíkumaraþoninu. Markmið Kvinnahlaupsins, að hvetja konur til að stunda reglulega hreyfingu, er göfugt en framkvæmd þess er metnaðarlaus. Við eigum að vera konum góðar fyrirmyndir, segir framkvæmdastjórinn. Þá skulum við fara alla leið og hvetja ungar stúlkur til að vera keppnismanneskjur; að mæla tímann og bæta hann að ári, að setja markið hærra en að fara tvo kílómetra, að gera kröfu um að fá að keppæins og strákarnir.

Þá fyrst getur Kvinnahlaupið hvatt konur til stórræða, eins og Kvinnalistinn gerði forðum. ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN



SYSTEM OF A DOWN:

MEZZMERIZE

NÍÐURSTAÐA: System of a Down nær að gera hið ótrúlega og standast ótrúlegar væntingar fólks með því að gefa út aðra frábæra plötu. Lög Mezzmerize eru sterk, textasmíðar því miður lakari.

Annað sleggjuhögg

System of a Down mætti eins og sleggja í kjálka almennings með plötu sinni Toxicity, árið sem turnarnir féllu. Tónlist sem var hárrétt fyrir þá ringulreið sem átti sér stað í heiminum. Ekkert meikaði sens fyrir neinum, og þarna voru allt í einu mættir menn sem gagnrýndu bandarískt þjóðfélag, óskrandi vitsmunalega texta. Sjaldan hefur rokk-sveit komið sér fyrir í meginstraumnum með slíkum þunga. Árið eftir fylgdi „afgangsplatán“ Steal This Album! sem innihélt fleiri ótrúleg lög og sýndi fram á hversu mikill sprengikraftur bjó í sveitinni.

Eftir þriggja ára bið snýr sveitin aftur með Mezzmerize, og mun svo gefa út aðra plötu í lok árs. Það ættu að vera góðar fréttir að sveitin er enn beitt, enn undir áhrifum frá armenskri þjóðlagatónlist og stígur bensínið í botn.

Nýja platan er mjög góð, en það sem kemur mest á óvart er hversu mistækur Serj Tankian söngvari er í textasmíðum. Stundum hittir hann naglann á höfuðið, en þess á milli lætur hann frá sér setningar á borð við „my cock is much bigger than yours“ og þann ómurlega texta sem er Radio/Video. Slík mistök gera það að verkum að þegar maðurinn reynir að vera pólitískur er erfitt að taka hann eins alvarlega. Sem er synd, því hann hefur oftast eitthvað gáfulegt að segja.

System of a Down heldur krúnu sinni sem athyglisverðasta þungarokksveit dagsins í dag með Mezzmerize.

Birgir Örn Steinarrson

SONY

Sumartilboð í Sony Center

512 MB minnskort fylgir!



512 MB minnskort
að verðmæti 10.995,-
fylgir með!



DSC-S90 & 512 MB minnskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 4,1 milljón pixlar
• 2,5" skjár

3.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
41.940 krónur staðgreitt



DSC-T7 & 512 MB minnskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 5,1 milljón pixlar
• 2,5" skjár

4.995 krónur á mánuði vaxtalaust*
59.940 krónur staðgreitt



DSC-P200 & 512MB minnskort
Stafræn myndavél
• 3x optical Carl Zeiss linsa
• 7,2 milljón pixlar
• 2" skjár

4.495 krónur á mánuði vaxtalaust*
53.940 krónur staðgreitt

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausr jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Framsækið nám á traustum grunni

Innritun í Margmiðlunarskólann er til 16. júní. nk.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað eru á vef Margmiðlunarskólans: www.mms.is

Nám í Margmiðlunarskólanum er lánshæft hjá LÍN. Skólagjöld á n.k. haustönn eru um 30.000.- kr. Miðað er við að umsækjendur hafi lokið tveggja ára námi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, hafi sveinspróf í bókagerðargreinum, hafi lokið námi af listnámsbrautum, tölvubrautum, stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

MARGMIÐLUNARSKÓLINN
Sími: 522 6500

Sigrúðu í dansleikhúskeppni

Eva Rún Þorgeirdóttir og Halla Ólafsdóttir hlutu fyrstu verðlaun í dansleikhússamkeppninni 25 tímar í Borgarleikhúsinu á fimmtudaginn. Þær hlutu verðlaunin, sem námu 250 þúsund krónum, fyrir verk sitt „Beðið eftir hverju“.

Önnur verðlaun hlaut Peter Anderson fyrir verk sitt Twelve points, en þriðju verðlaunin hlutu þær Halldóra Geirharðsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Elma Lísa Gunnarsdóttir fyrir verkið Örlög systra.

Ahorfendasalur Borgarleikhússins var fullskipaður og komust færri að en vildu, en áhorfendur völdu einnig eitt verk til verðlauna. Það voru þau Álfrún Örnólfsdóttir og Friðrik Friðriksson sem hlutu þau fyrir verkið 9:50 alla virka daga. Titillinn vísar þar til morgunleikfimi Ríkisútvarpsins sem er einmitt á þessum tíma alla virka daga.

Samkeppnin var nú haldin í þriðja sinn og að vanda í samvinnu við SPRON sem frá upphafi



hefur stutt keppnina dyggilega. Verkin ný sem kepptu til úrslita voru valin úr á fjórða tug hugmynda sem bárust í keppnina.

EKKI MISSA AF...



... afmælistónleikum **Jazzvaktningar** sem verða haldnir á Björtum dögum í Hafnarfirði annað kvöld.

... síðasta tangókvöldi vetrarins með **Tangósvett lýðveldisins** í lónó, sem verður haldið annað kvöld.

... tónleikum **Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar** stórtóns í hádeginu á mánudaginn í Hafnarborg, Hafnarfirði.

menning

menning@frettabladid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Su 12/6 kl 14 **UPPS**, Su 12/6 kl 17 **UPPS**,
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 - **UPPS**,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnsýningar

STÓRA SVIÐ

99% UNKNOWN - Sirkussýning

CIRKUS CORKÖR frá SVÍÞÍÐ
Þri 14/6 kl 20,
Mi 15/6 kl 20,
Fi 16/6 kl 20,
Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20 - **UPPS**.
Þri 14/6 kl 20 - **Styrktarsýning**,
Fi 16/6 kl 20,
Lau 18/6 kl 20,
Su 19/6 kl 20
Síðustu sýningar

Míðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Míðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Míðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20
miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

Ávaxtakarfan
I AUSTURBÆ
Selma
Eva Appelsína

Ef spegillinn gæti talað þá myndi hann segja við mig að ég væri fegurast flottust og finust. Það myndi hann segja við mig.

SPARISJÓÐURINN **IsMedia**

Míðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Síðasta sýning fyrir sumarfrí Laugardagur 11. Júní kl: 13:30

www.midi.is

Söngleikurinn stórkostlegur
MIÚLAN IRÚS
allt sem þú þarft er ást

“Fyrir svona sýningu er bara hægt að hrópa **HÚRRA!**”
H.Ó. Morgunblaðið

Ekki missa af frábærri skemmtun!
• Sunnudag 12. júní kl 20
NOKKUR SÆTI LAUS

FM 957 loft **KASTALINN**
552 3000 loftkastalinn.is

Í heimsókn á Kjarvalsstöðum

Sá tímamótaviðburður verður í dag að stór sýning á verkum í eigu Listasafns Íslands verður opnuð í húsakynnum Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Sýningin heitir „Listasafn Íslands – úrval verka frá 20. öld“ og á henni eru verk eftir brautryðjendur fjögurra þátta í listasögu landsins á síðustu öld.

„Listasafn Íslands er með þessari sýningu að heimsækja Kjarvalsstaði með úrval verka úr safneigninni,“ segir Ólafur Kvaran sýningarstjóri, sem jafnframt er safnstjóri Listasafns Íslands.

„Aðdragandinn að þessari heimsókn er sá að við tókum virkan þátt í Listahátíð með sýningu á Dieter Roth sem er á þeim sýningartíma þegar venjan hefur verið sú að halda hér sumarsýningu á íslenski myndlist sem einkum er ætluð erlendum ferðamönnum. Það er út frá þessum kringumstæðum sem við ákváðum að heimsækja Kjarvalsstaði og halda þessa sýningu þar með úrval verka úr safneigninni.“

Ólafur segist vonast til þess að hægt verði að þróa áfram samstarf þessara tveggja stærstu listasafna landsins.

„Með því að sameina kraftana er hægt að ráðast í mjög stór og víðtæk sýningarefni, og það er mjög spennandi. Ég er þess fullviss að það verður framhald á slíkri samvinnu.“

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum verða fjórir lykilhættir íslenskrar listasögu kynntir. Sýnd



SKÓGARHÖLLIN Sýning á úrvali verka frá 20. öld verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag. Á sýningunni má meðal annars sjá þetta verk eftir Jóhannes Kjarval.

eru verk eftir brautryðjendur hins rómantíska landslagsmálverks, fulltrúa hins frásagnarkennda expressjónisma á fjórða áratugnum, abstraktlistarinnar á sjötta áratugnum og konseptlistarar sjöunda áratugarins.

„Þessi sýning er sviðsetning á fjórum köflum í íslenski lista-

sögu, sem spanna nánast alla 20. öldina,“ segir Ólafur. „Sýningin er ekki hugsuð sem heildaryfirlit yfir sögu íslenskrar myndlistar á 20. öld, enda myndi sú saga ekki rúmast á Kjarvalsstöðum. En þetta er stór og víðtæk sýning með málverkum og höggmyndum, ljósmyndum og vídeó.“ ■

Leiklist og söngur

Sumarnámskeið í Borgarleikhúsinu

Leikstar- og söngnámskeið fyrir börn og unglinga í Borgarleikhúsinu í sumar.

Kennt er í tveim aldurshópum:
8-10 ára og 11-13 ára

Kennt verður í Borgarleikhúsinu dagana:

20. júní - 24. júní	11. júlí - 15. júlí
27. júní - 1. júlí	18. júlí - 22. júlí
4. júlí - 8. júlí	25. júlí - 29. júlí



Leikgleði • Sjálfstraust • Sköpunarkraftur • Hreyfing • Orka

Kennt er daglega frá kl. 10-16.
Gæsla frá kl. 8:45 fyrir yngri hópinn.

Skráning í Borgarleikhúsinu
Sími 568 8000 og á www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur – Sönglist
Listabraut 3 • 103 Reykjavík • www.borgarleikhus.is

SONGLIST
Söng og leiklistarskóli

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

8 9 10 **11** 12 13 14

Laugardagur

TÓNLEIKAR

- 15.00 Gleðigjafarnir í **Jagúar** blása til útgáfuveislu í Gallerí humar eða frægð að Laugavegi 59 í tilefni af útkomu tólfthommu vínplötunnar "One of Us".
- 15.00 Harðkjarna- og rokkhátíðin MOTU verður haldin í Gamla Sjóvarpshúsinu, Laugavegi 172. Fram koma hljómsveitirnar **Scarve, Lack, Urkraft, Nevolution, Sólstafr, Drep, Fighting Shit, Denver, Severed Crotch** og **Gavin Portland**.
- 21.00 Minningartónleikar Jazzvakningar um **Niels-Henning Ørsted Pedersen** verða á Nordica Hotel. **Árni Egilsson** bassaleikari, **Einar Valur Scheving** trommari, **Finn Ziegler** fiðlari og **Oliver Antunes** píanisti koma fram ásamt **Árna Scheving** á víbrafón, **Gunnari Hrafnssyni** á bassa og **Birni Thoroddsen** á gítar. **Vernharður Linnet** mun minnast Niels-Hennings.
- 23.00 Bandaríska hljómsveitin **Rictus Green** spilar á Grand Rokk.

OPNANIR

- 14.00 "Tvær Esjur og einn Þorbjörn" nefnist sýning **Þorvaldar Óttars Guðlaugssonar**, sem opnuð verður í Árbæjarsafni. Þorvaldur sýnir þar íslensk fjöll gerð úr postulini.
- 16.00 **Grimur**, sýning á verkum **Arthúrs Ólafssonar** verður opnuð í Gallerí Við Tjörmina, Templarasundi 3, Reykjavík.
- 16.00 Sýning **Sólveigar Aðalsteinsdóttur, Hús**, verður opnuð í galleríinu Suðsuðvestur við Hafnar götu 22 í Reykjanesbæ.
- 16.00 Mörg af helstu lykilverkum 20. aldar í eigu Listasafns Íslands verða á sýningu sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum laugardaginn. Sýningarstjóri er **Ólafur Kvaran** forstöðumaður Listasafns Íslands.

SKEMMTANIR

- 21.00 Hljómsveitin **Á móti sól** leikur fyrir dansi á **Brákarballi Borgfirðingahátíðar**, útidansleik fyrir alla fjölskylduna í Brákarey í Borgarnesi.
- 23.00 Hinn einni sanni **Geirmundur Valtýsson** skemmtir á Kringlu-kránni.
- Dj **Jón Gestur**, einnig nefndur **Nonni 900**, spilar bestu danstóna bæjarins á Café Victor.
- Hljómsveitin **Von** frá Sauðárkróki leikur á Ránni í Keflavík.
- Dansleikur með hljómsveitinni **Sixties** í Klúbbnum við Gullinbrú.
- Spilafíklarnir** leika í kjallaranum á Celtic Cross en á efri hæðinni leikur hljómsveitin **2 á milli strengja**.
- Garðar Garðars** spilar á Café Catalina í Kópavogi.

- Maggi lego, Frímenn psycho** og **Bjössu brunahani** koma fram á Breakbeat old school kvöldi á Gauknum.
- Geiri Sæm** og **Tryggvi Hubner** skemmta á Ara í Ögri.
- Þeir **Svensen og Hallfunkel** leika fyrir dansi á Gullöldinni í Grafarvogi í tilefni af tíu ára afmæli staðarins.
- Atli skemmtanalögga** og **Áki pain** á Pravda.
- Kiddi, Grétar** og **Sigga Beinteins** halda uppi dúndrandi stuði í Vélsmiðjunni á Akureyri.

SAMKOMUR

- 20.30 **Söngvaka** verður haldin í Minjasafnskirkjunni á Akureyri þar sem áheyrendur eru leiddir í söngferðalag í tali og tónum um íslenska tónlistarsögu frá miðöldum til okkar daga.

KRINGLUKRÁIN

Geirmundur Valtýsson með dansleik í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
- Hópamatseðill

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

GLEÐILEGT SUMAR! DÍNAMÍT SÍÐASTA SÝNING Í KVÖLD!

Stóra sviðið kl. 20.00

DÍNAMÍT - *Birgir Sigurðsson*

10. sýn. í kvöld lau. 11/6 **örfá sæti laus. Allra síðasta sýning.**

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opnið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200



Heldur uppi stuðinu á Classic Sportbar, laugardagskvöldið 11. júní

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

90,9

INNTRITUN FYRIR NÝNEMA

Traust menntun
í framsæknum skóla

Innritun fyrir nýnema
Innritun: 13. og 14. júní, kl. 12–16.
Aðstoð við rafræna skráningu.
Sviðsstjórar veita upplýsingar og ráðgjöf.

Innritun í **fjarnám** er á vef skólans www.ir.is
Innritun í **kvöldskóla** er á vef skólans www.ir.is

Allar nánari upplýsingar á www.ir.is og á skrifstofu skólans, síma 522 6500.

Almennt svið

- Almennar námsbrautir
- Nám til stúdentsprófs

Byggingasvið

- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Húsasmíði
- Múrsmíði
- Húsgagnasmíði
- Veggfóðrun
- Málaraíðin

Hönnunarsvið

- Listnámsbraut Almenn hönnun
- Keramik
- Hársnyrting
- Klæðskurður
- Kjólasmurur

Málmtækni svið

- Grunnnám bíliðna
- Málmtækni braut
- Gull- og silfursmíði

Rafiðnasvið

- Grunnnám rafiðna
- Rafvirkjun
- Rafeindavirkjun
- Rafvélavirkjun
- Símismíði

Sérdeildasvið

- Sérdeild
- Nýbúabraut

Tölvusvið

- Tölvubraut
- Forritun
- Netkerfi

Upplýsinga- og margmiðlunarsvið


- Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina
- Sérsvið: Bókband
- Grafísk miðlun*
- Ljósmyndun
- Prentun*
- Veftækni*
- Nettækni*
- Tækniteiknun
- Margmiðlunarskólinn

2ja ára nám þar sem umsækjendur þurfa að hafa lokið tveggja ára námi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, lokið námi af listnámsbrautum, tölvubrautum eða öðru sambærilegu námi.

* Kennit á haustönn 2005

SÍMI 522 6500 • FAX 522 6501 www.ir.is • ir@ir.is

ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK



MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Frí á „fölskum“ forsendum

